



FMS 2021-33
ISBN 978-9935-522-16-0

OKTÓBER 2021

Viðhorf heimamanna á tímum COVID-19 - Höfn í Hornafirði

Eyrún Jenný Bjarnadóttir



Ferðamálastofa
Icelandic Tourist Board



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ
FERÐAMÁLA
ICELANDIC TOURISM
RESEARCH CENTRE

© Ferðamálastofa 2021

Útgefandi: Ferðamálastofa - Geirsgötu 9, 101 Reykjavík / Hafnarstræti 91, 600 Akureyri

Netfang: upplysingar@ferdamalastofa.is

Veffang: www.ferdamalastofa.is

Titill: Viðhorf heimamanna á tímum COVID-19 – Höfn í Hornafirði

Höfundur: Eyrún Jenný Bjarnadóttir

Númer: FMS 2021-33

ISBN: 978-9935-522-16-0

Öll réttindi áskilin. Skýrsluna má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Aðferðir og framkvæmd rannsóknar.....	3
Frá sjónarhóli íbúa: Staða ferðapjónustunnar fyrir COVID-19-faraldurinn	6
Upplifun íbúa af ferðamönnum og ferðapjónustu í heimsfaraldri	12
Framtíð og endurreisn ferðapjónustunnar	21
Samantekt	31
Umræður og lokaorð – Allir staðir	33
Heimildaskrá	35
Viðauki 1 Spurningalisti fyrir símakönnun.....	37
Viðauki 2 Niðurstöður símakönnunar Tíðnitöflur og bakgrunnsgreining	41

Myndaskrá

Mynd 1 Mælikvarðar fyrir ánægju íbúa með ferðapjónustu og mat þeirra á mikilvægi hennar	9
Mynd 2 Mat íbúa á ánægju með ferðapjónustu og mikilvægi hennar fyrir samfélagið	9
Mynd 3 Upplifun af fækkun ferðamanna - svör frá Höfn	12
Mynd 4 Upplifun af fækkun ferðamanna - allir staðir	13
Mynd 5 Áhrif COVID-19 á tekjur einstaklinga – allir staðir	14
Mynd 6 Atvinnuleysi hafi bitnað meira á erlendu starfsfólki en innlendu - allir staðir	16
Mynd 7 Hlutfall þeirra sem fannst íslenskir ferðamenn vera meira áberandi - allir staðir	18
Mynd 8 Íbúar sem fundu fyrir skertri þjónustu vegna fækkunar ferðamanna - allir staðir	19
Mynd 9 Mat íbúa á mikilvægi ferðapjónustunnar fyrir atvinnulíf og á mikilvægi þess að ferðapjónusta nái fyrri styrk	21
Mynd 10 Viðhorf íbúa til mótvægisáðgerða stjórnvalda til stuðnings ferðapjónustu - allir staðir	21
Mynd 11 Viðhorf íbúa til takmarkana stjórnvalda á landamærum - allir staðir	22
Mynd 12 Væntingar íbúa um sjálfbærni við endurreisn ferðapjónustunnar - allir staðir	23
Mynd 13 Hlutfall svarenda sem hlakka til að fá erlenda ferðamenn aftur - allir staðir	26
Mynd 14 Afstaða íbúa á Höfn til fjölda ferðamanna að loknum heimsfaraldri	27
Mynd 15 Hlutfall íbúa sem taldi mikilvægt að stjórnvöld haldi áfram að hvetja Íslendinga til að ferðast um eigið land	28
Mynd 16 Viðhorf íbúa til áframhaldandi markaðssetningar heimabyggðar til að laða að fleiri ferðamenn - allir staðir	28

Töfluskrá

Tafla 1 Yfirlit yfir viðmælendur á Höfn	4
Tafla 2 Úrtak og bakgrunnur svarenda símakönnunar á Höfn	5
Tafla 3 Niðurstöður aðhvarfsgreiningar	15
Tafla 4 Þættir og þáttahleðslur	29
Tafla 5 Alfastuðlar þáttanna	29
Tafla 6 Lýsandi tölfræði fyrir þættina	29
Tafla 7 Niðurstöður aðhvarfsgreiningar á þáttum um endurreisn ferðapjónustunnar á Höfn	30

INNGANGUR

Framtíðarsýn Íslenskra stjórnvalda til 2030 er að ferðaþjónustan hafi jákvæð áhrif á nærsamfélag og aukin lífsgæði heimamanna (Stjórnarráð Íslands, e.d.). Verkefni nr. 3 í Rannsóknaráætlun Ferðamálastofu 2020-2022, sem snýr að mati á viðhorfi Íslendinga til ferðaþjónustu og ferðamanna á tilteknum tíma bæði á landsvísu og eftir landshlutum, er liður í vöktun á viðhorfum heimamanna og tekur mið af þessari framtíðarsýn (Ferðamálastofa, 2020). Viðhorf Íslendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu hafa verið könnuð á hverju ári frá 2014 og verið hluti af reglubundinni gagnasöfnun hins opinbera síðan 2017. Verkefnið fór fram á landsvísu 2014, 2017 og 2019 og þess á milli sem tilviksrannsóknir (e. case studies) í einstökum samfélögum, þrjár til fjórar á ári. Kveikjan að þessum rannsóknum var hin hraða fjölgun í komum erlendra ferðamanna til landsins sem hófst 2011 og náði til ársins 2018 nýjum hæðum á hverju ári. Í rannsóknunum er fylgst með breytingum í viðhorfum og hvort vísbendingar komi fram um álag á heimamenn/samfélag vegna ferðamanna í heimabyggðinni. Öflun og greining gagna viðheldur samfelldri tímalínu um viðhorf heimamanna á Íslandi. Landskannanirnar styðja við álagsmat á Jafnvægisási ferðamála og lykilmælikvarða stjórnvalda til að meta árangur og ávinning ferðaþjónustunnar.

Niðurstöður rannsókna á viðhorfum Íslendinga sýna að í huga heimamanna er ferðaþjónustan ekki bara atvinnugrein sem skapar verðmætar tekjur og atvinnu heldur er hún einnig félagslegt, mótandi afl sem nærir fólk og viðheldur gangverki samfélaga (Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2020a). Að mati Íslendinga snúa jákvæðustu hliðar ferðaþjónustunnar að efnahagslegum ávinningi, bættum lífsgæðum, fjölbreyttu mannlífi og tilfinningu íbúa um ánægju og bjartsýni. Haustið 2019 sögðu 92% Íslendinga að það myndi hafa afleiðingar fyrir samfélagið ef ferðamenn myndu hætta að koma (Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2020a). Þessi sviðsmynd um brotthvarf ferðamanna úr íslenskri ferðaþjónustu var óhugsandi þegar henni var varpað fram.

Ferðamennska hefur áhrif á samfélag heimamanna þegar staður umbreytist í áfangastað en lítið er vitað hvaða áhrif það hefur á heimamenn ef ferðamennirnir hætta skyndilega að koma. Því er brýnt að rannsaka hvernig COVID-19-faraldurinn mótar hegðun og viðhorf ferðamanna og íbúa. COVID-19 getur markað djúp spor í

hugsun og tilfinningar ferðamanna og breytt til frambúðar hvernig fólk ferðast (Zencker og Kock, 2020; Ivanova, Ivanov og Ivanov, 2020). Á sama hátt gæti faraldurinn haft áhrif á viðhorf heimamanna.

Ferðamálastofa fól Rannsóknamiðstöð ferðamála að kanna áhrif COVID-19-faraldursins á viðhorf heimamanna til ferðaþjónustu og ferðamanna í byggðum landsins. Markmið rannsóknarinnar var að kanna áhrif breytts landslags í ferðamálum hér á landi, sem rakið er til COVID-19-faraldursins, á viðhorf heimamanna, hvernig heimamenn upplifi breytingarnar og hverju þeir finni mest fyrir. Rannsóknin var gerð á fjórum stöðum: Ísafirði, Höfn í Hornafirði, í Skútustaðahreppi (Mývatnssveit) og 101 Reykjavík. Á þessum stöðum voru gerðar greiningar á viðhorfum heimamanna á árunum 2015 og 2016 sem drógu fram þemu og álitamál tengd ferðamennsku á hverjum stað. Auk þess veita landshlutagögn úr könnun meðal Íslendinga 2019 innsýn í viðhorf heimamanna á Íslandi áður en COVID-19-faraldurinn skall á. Því voru tækifæri fyrir hendi til að draga fram hið breytta ástand í einstökum samfélögum þegar ferðamennirnir komu ekki og ferðaþjónustan stöðvaðist nær alveg. Rannsóknin fór fram veturinn 2020-2021. Tekin voru einstaklingsviðtöl við íbúa á stöðunum fjórum og þeim fylgt eftir með spurningakönnun sem lögð var fyrir úrtak íbúa gegnum síma. Niðurstöður rannsóknarinnar eru birtar í fjórum samantektarskýrslum fyrir hvern og einn stað.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir niðurstöðum rannsóknarinnar á Höfn í Hornafirði sem er aðal þéttbýliskjarni Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Sveitarfélagið nær frá Skeiðarársandi í vestri að Þvottáskriðum í austri. Íbúafjöldi í sveitarfélaginu er 2387 (Hagstofa Íslands, 2021a), þar af búa 1745 á Höfn Hagstofa Íslands, 2021b).

Sjávarútvegur hefur verið undirstaða atvinnulífsins á Höfn en síðustu ár hefur vægi ferðaþjónustu í sveitarfélaginu aukist. Árið 2019 voru 36% einstaklinga í aðalstarfi í ferðaþjónustu á Hornafirði og 21% fyrirtækja í sveitarfélaginu voru í ferðaþjónustu (Hrafn Sævaldsson, 2020). Í skýrslu SASS um atvinnulíf á Suðurlandi kemur fram að einstaklingum sem störfuðu í ferðaþjónustu á Hornafirði hafi á tímabilinu 2009-2019 fjölgað um 455% (Hrafn Sævaldsson, 2020). Hluti sveitarfélagsins er innan Vatnajökulspjóðgarðs og eru tvær gestastofur þjóðgarðsins innan sveitarfélagsins;

Skaftafellsstofa og Gamlabúð á Höfn (Vatnajökulspjóðgarður, e.d.a). Ferðapjónusta í sveitarfélaginu er fjölbreytt og hefur þjónustutengd starfsemi aukist (Efla, 2018). Að frátaltri gistingu og veitingasölu er framboð af ýmiss konar afþreyingu í tengslum við jöklana á svæðinu s.s. göngu-, íshella- og jeppaferðir (Efla, 2018). Samkvæmt Landamæraökönnun Ferðamálastofu koma um það bil 31% þeirra erlendra ferðamanna sem heimsækja Suðurland á Höfn (Oddný Þóra Óladóttir, 2020). Áætlaður heildarfjöldi erlendra ferðamanna á Höfn árið 2019 var um 480.000 manns (Oddný Þóra Óladóttir, 2020). Könnun meðal erlendra ferðamanna árið 2019 leiddi í ljós að meginástæður heimsókna erlendra ferðamanna til Hafnar voru hringvegurinn og þjónusta í nálægð vinsælla viðkomustaða (Þórný Barðadóttir, 2020). Í sveitarfélaginu er að finna margar náttúruperlur, þ.á.m. Skeiðarársand, Lónsöræfi og Vatnajökul en auk þess eru tveir af vinsælustu ferðamannastöðum landsins í sveitarfélaginu: Jökulsárlón og Skaftafell. Áætlað er að 837.000 erlendir ferðamenn hafi komið að Jökulsárlóni árið 2019 og að 697.000 hafi komið í Skaftafell (Oddný Þóra Óladóttir, 2020).

Rannsókn á viðhorfum íbúa á Höfn til ferðamanna og ferðapjónustu fór fram árið 2016 (Eyrún Jenný Bjarnadóttir o.fl. 2016). Í rannsókninni, sem byggði á viðtölum við íbúa og spurningakönnun, kom fram að íbúar voru almennt sammála um mikinn hagrænan ávinning af ferðapjónustu fyrir samfélagið. Ferðapjónustan sjálf væri atvinnuskapandi og hefði uppbygging ferðapjónustu haft jákvæð áhrif í öðrum atvinnugreinum s.s. byggingariðnaði, aðfangaflutningum og annarri þjónustu (Eyrún Jenný Bjarnadóttir o.fl. 2016). Í þolmarkarannsókn á Suðurlandi, áhersluverkefni Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga sem unnin var árið 2018 af Rannsóknasetri HÍ á Hornafirði, kom fram að ferðapjónusta væri mikilvæg fyrir sveitarfélagið Hornafjörð og að lítið væri um neikvæðar raddir í samfélaginu gagnvart ferðapjónustunni (Þorvarður Árnason og Arndís Lára Kolbrúnardóttir, 2019).

Í upphafi kórónuveirufaraldursins var Sveitarfélagið Hornafjörður eitt þeirra sveitarfélaga sem líklegt var að yrði fyrir hvað þyngstu höggi vegna hruns ferðapjónustunnar (Byggðastofnun, 2020, 12. maí). Í lok apríl 2020 var samanlagt atvinnuleysi í sveitarfélaginu 26% en var rúmt 1% árið á undan (Sveitarfélagið Hornafjörður, 2020, 27. apríl). Sveitarfélagið fékk aukaframlag frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra á fjárukalögum 2020 til að styðja við atvinnulíf og

samfélag vegna hruns í ferðapjónustu (Stjórnarráð Íslands, 2020, 18. ágúst). Markmið aðgerðanna var að skapa betri grundvöll fyrir fjölbreyttara atvinnulífi til lengri tíma, styrkja stoðir og stuðla að nýsköpun.

Skýrslan er í sjö köflum. Á eftir inngangi er gerð grein fyrir framkvæmd og aðferðum rannsóknarinnar. Niðurstöður rannsóknarinnar eru í þremur hlutum þar sem niðurstöður viðtala og spurningakönnunarinnar fléttast saman. Í þeim fyrsta er sjónum beint að stöðu ferðapjónustunnar á Höfn fyrir kórónuveirufaraldurinn út frá sjónarhóli íbúa. Annar hluti fjallar um upplifun íbúa á Höfn af ferðamönnum og ferðapjónustu í heimsfaraldri og í þriðja hluta er gerð grein fyrir hugmyndum íbúa um framtíð og endurreisn ferðapjónustunnar í heimabyggð að heimsfaraldri loknum. Niðurstöður rannsóknarinnar eru eftir atvikum bornar saman við fyrri rannsókn á viðhorfum íbúa á Höfn frá 2016 (Eyrún Jenný Bjarnadóttir o.fl., 2016) og við könnun á viðhorfum Sunnlendinga til ferðamanna og ferðapjónustu árið 2019 (Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2020b). Að lokum eru teknar saman helstu niðurstöður rannsóknarinnar á Höfn og í lokaorðum er fjallað um helstu niðurstöður frá öllum rannsóknarstöðunum með tilliti til þess hvað var sameiginlegt á stöðunum og hvað var ólíkt.

Verkefnastjórn, viðtöl, greining og skýrsluvinna var í höndum Rannsóknamiðstöðvar ferðamála. Umsjón með framkvæmd könnunar og úrvinnslu hrágagna símakönnunar hafði Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri. Hrágögnum úr símakönnun var skilað til Ferðamálastofu. Aftast í þessari samantekt er að finna tíðnitöflur og bakgrunnsgreiningu fyrir hverja spurningu í könnuninni á Höfn. Þar er einnig að finna töflur með niðurstöðum úr hverri spurningu símakönnunarinnar með samanburði milli rannsóknarstaðanna fjögurra.

Höfundur vill færa öllum þeim sem veittu upplýsingar og aðstoðuðu við gerð þessarar rannsóknar þakki fyrir gott samstarf. Sérstakar þakki fá íbúar á Höfn fyrir góðar undirtektir í viðtölum og símakönnun og fyrir að gefa sér tíma til þess að taka þátt í rannsókninni.

AÐFERÐIR OG FRAMKVÆMD RANNSÓKNAR

Rannsóknin sem hér um ræðir er tilviksrannsókn á fjórum stöðum þ.e. í miðborg Reykjavíkur (pnr. 101), á Ísafirði (pnr. 400), í Skútustaðahreppi (pnr. 660) og á Höfn í Hornafirði (pnr. 780). Notast var við blandað rannsóknarsnið þar sem bæði eigindlegum og megindegum aðferðum var beitt. Eigindlegar aðferðir eru til þess fallnar að dýpka skilning á viðhorfum heimamanna en megindeglegar aðferðir gefa yfirlit yfir viðhorf heimamanna og gera rannsakendum kleift að draga ályktanir um þýðið, að uppfylltum tölfræðilegum forsendum (Sigurlína Davíðsdóttir og Anna Ólafsdóttir, 2016). Sömu aðferðum var beitt á öllum stöðunum fjórum. Gagna var aflað með viðtölum við íbúa og með spurningakönnun sem var lögð fyrir úrtak íbúa gegnum síma.

Viðtöl

Á öllum rannsóknarstöðunum voru tekin hálfstöðluð einstaklingsviðtöl við íbúa þar sem umræðuefnið var fyrirfram ákveðið en innihald samræðnanna ekki. Viðmælendur voru valdir með hentugleikaúrtaki einstaklinga sem búa á rannsóknasvæðunum. Áhersla var lögð á að ná til einstaklinga 18 ára og eldri sem hafa fasta búsetu á viðkomandi svæði og hafa ekki ferðaþjónustu að aðalstarfi. Það skal þó tekið fram að í einstaka tilvikum komu í ljós tengsl viðmælenda við ferðaþjónustu sem ekki var vitað um en viðkomandi var áfram þátttakandi í rannsókninni.

Í viðtölunum var leitað eftir ítarlegri upplýsingum og dýpri skilningi á viðhorfum og upplifun íbúa á ferðamönnum og ferðaþjónustu í heimabyggð í breyttum aðstæðum vegna COVID-19-faraldursins en hægt er að ná fram með megindegri spurningakönnun. Viðtökur þátttakenda fóru langt fram úr væntingum og í mörgum viðtölum tjáðu viðmælendur ánægju sína um að fá að ræða við hlutlausu aðila um upplifun þeirra af áhrifum og stöðu ferðaþjónustunnar á daglegt líf í þeirra heimabyggð í miðjum heimsfaraldri. Þegar gagnaöflun lauk var heildarfjöldi viðtala 44 og var rætt við 20 karla og 24 konur og var meðallengd viðtala 59 mínútur.

Með viðtölunum er skrásett hvernig einstaklingar færðu í orð upplifanir sínar á ferðaþjónustu og ferðamennsku í breyttum veruleika í miðjum heimsfaraldri og hvaða skilning þeir lögðu í þessi atriði á þeim tíma sem viðtölin fóru fram. Viðtölin varpa ljósi á það hvers vegna tilteknir áhrifaþættir eru mikilvægir í augum íbúa og hvernig íbúar bregðast við þeim. Viðtölin hafa ekki alhæfingargildi fyrir niðurstöður rannsóknarinnar heldur dýpka þau skilning á niðurstöðum spurningakönnunarinnar á hverjum stað (Sigurlína Davíðsdóttir og Anna Ólafsdóttir; Veal, 2006).

Til að nálgast viðmælendur var farið í gegnum svokallaða lykilmenn eða tengiliði ýmist á svæðunum eða sem höfðu tengsl við svæðin og höfðu það hlutverk að koma með ábendingar um hugsanlega viðmælendur sem uppfylltu ofangreind skilyrði. Símanúmera var aflað gegnum upplýsingavefinn Já þar sem hægt er að nálgast skráð símanúmer einstaklinga. Notast var við Excel töflureikni til að raða nöfnunum upp á handahófskenndan hátt. Samband var haft við einstaklinga samkvæmt uppröðun töflureiknisins, þeim kynnt rannsóknin og boðin þátttaka. Ef ekki náðist í einstakling var hringt í þann næsta og svo koll af kolli. Ef einstaklingur samþykkti þátttöku var hann beðinn um að gefa upp netfang og fékk sent kynningarbréf um rannsóknina, sem einnig innihélt ítarlegar upplýsingar um ábyrgðaraðila, hljóðritun, meðhöndlun trúnaðarupplýsinga, rétt þátttakenda til að hætta við þátttöku og staðfestingu á viðtalstíma. Viðmælendur voru beðnir um að veita upplýst samþykki fyrir þátttöku. Hvorki var farið fram á né unnið með viðkvæmar persónuupplýsingar.

Viðtölin fóru fram á tímabilinu 2. desember 2020 – 24. febrúar 2021, ýmist í síma eða gegnum fjarbúnað til að tryggja örugga samskiptafjarlægð og minnka útbreiðslu á COVID-19. Viðtölin voru hljóðrituð og afrituð. Afrituð gögn voru kóðuð og greind með forritinu QDA Miner. Allar upplýsingar sem þátttakendur veittu í rannsókninni voru gerðar ópersónugreinanlegar og meðhöndlaðar samkvæmt kröfum um trúnað og nafnleynd. Til aðgreiningar var viðmælendum gefinn bókstafur, sem vísar til fyrsta stafs hvers staðar (t.d. einstaklingur á Ísafirði var aðgreindur með bókstafnum Í, einstaklingur á Höfn með H o.s.frv.) og númeri.

Á Höfn var rætt við 6 konur og 5 karla á aldrinum 24-62 ára. Fimm viðmælendur höfðu engin tengsl við ferðaþjónustu. Sex viðmælendur höfðu tengsl við ferðaþjónustu; unnu við hana í fullu starfi, að hluta meðfram öðrum störfum eða áttu maka/börn/foreldra sem störfuðu í ferðaþjónustu. Einn viðmælandi hafði misst vinnuna í heimsfaraldrinum. Í töflu 1 má sjá númer viðtala (H=Höfn), kyn, uppruna viðmælenda og aldurshóp. Ekki er gerð frekari grein fyrir bakgrunni viðmælenda í rannsókninni þar sem þeir búa í fámennu samfélagi og kunna frekari upplýsingar um starfsstéttir, þjóðerni, félagastörf, lengd búsetu o.s.frv. að vera persónugreinanlegar.

Í skýrslunni eru beinar tilvitnanir í orð viðmælenda skáletraðar og merktar númeri viðtals. Í nokkrum tilfellum hefur þeim verið lítillega breytt til þess að forðast persónugreinanlegar upplýsingar.

Tafla 1 Yfirlit yfir viðmælendur á Höfn

Númer	Kyn	Aldurshópur	Uppruni
H1	Karl	60+	Aðfluttur
H2	Kona	30-44	Aðflutt, með erlendan bakgrunn
H3	Kona	45-59	Aðflutt
H4	Karl	60+	Aðfluttur
H5	Karl	30-44	Aðfluttur
H6	Karl	45-59	Fæddur og uppalinn á Hornafirði
H7	Kona	45-59	Fædd og uppalin á Hornafirði
H8	Kona	30-44	Aðflutt
H9	Kona	30-44	Fædd og uppalin á Hornafirði
H10	Kona	45-59	Fædd og uppalin á Hornafirði
H11	Karl	18-29 ára	Fæddur og uppalinn á Hornafirði

Greining viðtalanna í þessu mótaðist af spurningarammanum en þau eru: 1) Staða ferðaþjónustunnar fyrir COVID-19 út frá sjónarhóli íbúa, 2) Upplifun íbúa af ferðamönnum og ferðaþjónustu í heimabyggð, 3) Framtíð og endurreisn ferðaþjónustunnar að loknum heimsfaraldri. Einnig komu fram ný þemu sem voru sértæk fyrir Höfn og má þar nefna atvinnumál, umferðaröryggismál og áherslu á ábyrga ferðaþjónustu.

Spurningakönnun (símakönnun)

Í símakönnun voru spurningar lagðar fyrir íbúa á rannsóknarsvæðunum fjórum um áhrif COVID-19-faraldursins á viðhorf heimamanna, upplifun heimamanna af ferðamönnum og ferðaþjónustu í heimsfaraldri og hugmyndir um endurreisn ferðaþjónustu að honum loknum. Í spurningalistanum voru um 20 spurningar sem flestar hafa fyrirfram ákveðna svarmöguleika á kvarða sem svarendur tóku afstöðu til (sjá viðauka 1). Til viðbótar voru í listanum tvær opnar spurningar þar sem svarendum var boðið að koma athugasemdum á framfæri, annars vegar um ferðaþjónustu í heimabyggðinni og hins vegar um áhrif COVID-19-faraldursins á samfélag svarenda. Í spurningalistanum voru eftirfarandi grunnbreytur skilgreindar: kyn, aldur, menntun, búsetulengd í pósthúsi, staða á vinnumarkaði, starfar við ferðaþjónustu og getur hugsað sér að starfa við ferðaþjónustu. Spurningalistinn var þróaður í samstarfi Rannsóknamiðstöðvar ferðamála og Ferðamálastofu. Auk þess var við gerð spurningalistans óskað eftir efnislegum ábendingum frá Samtökum ferðaþjónustunnar og kann skýrsluhöfundur þeim bestu þakki fyrir.

Símakönnunin var gerð samtímis á öllum stöðunum á tímabilinu 9. – 27. febrúar 2021. Lagt var upp með að fá 400 svör á hverjum stað eða eins og hægt var að afla miðað við íbúafjölda. Tekið var úrtak úr þjóðskrá en í úrtakinu voru 2.337 einstaklingar og fengust alls 1.242 svör (svarhlutfall 53%). Á Höfn voru 575 manns í úrtakinu og var fjöldi svara 330 sem er vera 57% svarhlutfall. Sjá má úrtak og bakgrunn svarenda í töflu 2.

Við úrvinnslu gagna úr símakönnuninni var notast jafnt við gagnavinnsluforritið SPSS og Excel töflureikni. Gögnin voru greind með þeirri tölfræði sem er viðeigandi fyrir hverja og eina spurningu og marktektarpróf gerð til að meta hvort tölfræðilega marktækur munur væri á hlutföllum mismunandi hópa. Annars vegar var kannað hvort tölfræðilega marktækur munur væri á svörum eftir búsetu (þ.e. milli rannsóknarsvæða) og hins vegar var kannað hvort munur væri á svörum mismunandi hópa innan hvers rannsóknarsvæðis. Kannað var hvort munur væri á svörum eftir kyni, aldri, menntun lengd búsetu, stöðu á vinnumarkaði¹ og hvort svarandi starfi við ferðaþjónustu. Í viðauka 2 eru niðurstöður úr hverri spurningu könnunarinnar settar fram annars vegar í tíðnitöflum og hins vegar töflum sem sýna hlutföll svara þeirra hópa sem koma fram í töflu 2. Tölfræðileg marktækni er gefin til kynna með bláum stjörnutáknum við bakgrunnspættina á eftirfarandi hátt: Ein stjarna tákna að segja má með 95% vissu að sá munur sem birtist í úrtakinu milli hópa sé einnig til staðar í þýðinu. Tvær stjörnur tákna að marktækur munur er til staðar miðað við 99% öryggismörk og þrjár stjörnur tákna að með 99,9% vissu er munurinn til staðar í þýðinu. Í samantektarskýrslunni eru niðurstöður ýmist settar fram á myndrænan hátt eða í töflum. Í einstaka tilfellum eru niðurstöður rannsóknarstaðanna fjögurra bornar saman.

Til viðbótar við ofangreinda tölfræðiútreikninga var samband nokkurra breyta á viðhorfi íbúa kannað með fylgnistuðlum og línulegri aðhvarfsgreiningu. Meðal þess sem var kannað var hvort samband væri milli mats íbúa á mikilvægi ferðaþjónustu og ánægju íbúa með hana og einnig voru skoðuð tengsl nokkurra þátta við mat á áhrifum COVID-19 á tekjur einstaklinga og fjölskyldna þeirra. Að lokum voru viðhorf íbúa til ferðamanna og ferðaþjónustu í heimabyggðinni eftir COVID-19 könnuð nánar með þátta- og aðhvarfsgreiningu á gögnum símakönnunarinnar á öllum rannsóknarstöðunum fjórum.

Tafla 2 Úrtak og bakgrunnur svarenda símakönnunar á Höfn

Höfn		Fjöldi	Hlutfall
	Úrtak	575	
	Fjöldi svara	330	57%
Kyn	Karlar	170	52%
	Konur	160	48%
Aldur	18-29	28	8%
	30-44	79	24%
	45-59	125	38%
	60+	98	30%
Menntun	Grunnskólanám eða minna	75	23%
	Stúdentspróf eða iðnnám	128	39%
	Annað starfsnám	29	9%
	Háskólapróf	93	28%
Lengd búsetu á Höfn	5 ár eða skemur	27	8%
	6-10 ár	23	7%
	11-20 ár	44	13%
	21-30 ár	46	14%
	Lengur en 30 ár	188	57%
Staða á vinnumarkaði	Í launuðu starfi	205	62%
	Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	47	14%
	Í námi	5	2%
	Á eftirlaunum	45	14%
	Annað	25	8%
Starfar þú við ferðaþjónustu?	Já	76	23%
	Nei	253	77%

¹ Við greiningu á bakgrunnspættinum *Stöðu á vinnumarkaði* voru flokkarnir Sjálfstætt starfandi og Atvinnurekandi sameinaðir. Einnig voru flokkarnir Öryrki, Atvinnuleitandi, Í fæðingarorlofi/foreldraorlofi, Heimavinnandi og Annað sameinaðir.

FRÁ SJÓNARHÓLI ÍBÚA: STAÐA FERÐAÞJÓNUSTUNNAR FYRIR COVID-19-FARALDURINN

Ferðaþjónusta allt árið

Í viðtölum sem tekin voru við íbúa á Höfn árið 2016 kom fram að íbúar voru almennt sammála um mikinn hagrænan ávinning af ferðaþjónustu fyrir samfélagið. Á þeim tíma var fjölgun ferðamanna hröð og efuðust íbúar um að uppbygging ferðaþjónustu væri í takti við fjölgunina. Fram að þessu höfðu ferðamenn alltaf verið mest áberandi á sumrin. Árið 2016 var um helmingur íbúa á Höfn á því að ferðamenn væru of margir á sumrin en meirihlutinn taldi að ferðamenn væru hæfilega margir á öðrum árstímum. Þegar rannsóknin fór fram í febrúar 2016 sögðust íbúar á Höfn aldrei áður séð svo marga ferðamenn í bænum á vetrartíma. Íbúar undruðu sig á aukinni umferð og óttuðust um öryggi ferðamanna á misjafnlega útbúnum bílum þegar allra veðra er von.

Í viðtölum þessarar rannsóknar kom fram að mesta breytingin í ferðaþjónustu frá 2015-16 og síðar væri að ferðamenn fóru að koma til Hornafjarðar allt árið um kring.

Það sem var mest áberandi var að ferðamennirnir voru að koma til okkar allt árið. Það breyttist. Þetta var áður tímabilið kannski upp úr páskum og fram í ágúst, stundum miðjan september. Það var vertíðin. Síðan þegar þessi sprengingin varð upp úr 2010, '15 og '16 þá var þetta bara orðið viðvarandi alltaf. Það var ekkert tímabil þar sem voru ekki ferðamenn. (H1)

Maður upplifir að hér á Höfn séu ferðamenn allan ársins hring. Fyrir 5-6 árum var allt lokað um jól og áramót og yfir svartasta skammdegið. En 2019 var allt meira og minna opið og nokkuð margir að bjóða upp á mat um jól eða áramót, það var virkilega eftirspurn. (H3)

Sumarið var ekki lengur aðal ferðamannatíminn og var talað um að í rauninni hafi hver vertíðin tekið við af annarri þegar tími norðurljósa, íshella, jöklaferða o.s.frv. hófst að hausti og stóð fram á vor. Viðmælendur veittu því eftirtekt að samsetning ferðamanna hafði breyst og var einnig breytileg yfir árið. Yfir vetrartímann voru ferðamenn frá Asíulöndum meira áberandi en þeir höfðu áður verið. Talið var að

fjölbreyttur hópur ferðamanna hafi orðið til þess að renna styrkari stoðum undir ferðaþjónustu á svæðinu allt árið.

Evrópubúarnir voru rosa stórir og hafa verið stórir yfir sumartímann en það sem breyttist var að Asíubúarnir fóru að streyma hingað. Þeir koma mikið yfir vetrartímann, sérstaklega á haustin þegar Golden week er. Það voru þeir sem manni fannst halda ferðaþjónustunni uppi fram eftir vetri. Og Kanada líka, þeir voru mjög mikið á veturna. En á sumrin tekur maður minna eftir þessu, þá blandast þetta allt saman, uppistaðan þar hefur verið Evrópubúar að mínu viti. (H5)

Það var ofboðsleg aukning í þessum Asískum ferðamönnum. Ég hugsa að þeir eigi stóran hluta í því að vetrarferðaþjónustan var svona mikil. (H4)

Þrátt fyrir fjölgun ferðamanna á Höfn og að viðmælendur hafi talað um mikinn fjölda ferðamanna í bænum var þeim vel kunnugt um að flestir ferðamenn kæmu að Jökulsárlóni og í Skaftafell, mun færri kæmu til Hafnar.

Höfn er ekki aðdráttarafið sjálft. Jökullinn er ástæðan fyrir því að fólk er að koma til Hafnar. (H2)

Það er ekki nema lítið brot sem skilar sér á Höfn sem er mjög leiðinlegt vegna þess að það er mjög margt að sjá á leiðinni frá Jökulsárlóni að Höfn. Þú keyrir þjóðveginn meðfram öllum þessum jöklum og ert nálægt þeim og þetta er rosalega fallegt. Það er svolítið sorglegt að það skuli ekki skila sér meira hérna inn á Höfn. (H9)

Mig minnir að það séu 30% af ferðamönnum sem fara lengra heldur en á Jökulsárlón. Lónið er skurðpunktur. (H5)

Í viðtölum við íbúa á Höfn árið 2016 töluðu íbúar um að veitingastaðirnir í bænum hefðu verið fullir af fólki og gat verið erfitt fyrir íbúana að komast að. Viðmælendur þessarar rannsóknar litu á bæinn sem miðstöð verslunar og þjónustu; þangað sæktu ferðamenn einfaldlega til að gista og borða. Oftast tóku þeir eftir ferðamönnum við gistað, veitingastaði eða í matvöruversluninni. Viðmælendur voru á því að fyrir COVID-19 hefði bærinn verið orðinn líflægri en hann hefði nokkru sinni verið. Talað var um að vetrarferðamennskan, sem blómstraði, hefði breytt yfirbragði bæjarins. Fjölbreytnin varð meiri.

Þetta var áður rosalega dautt yfir vetrartímann. Það var ekkert hérna og þá lagðist bærinn í dvala. Það var rosa lítið um að vera. (H8)

Eftir að ferðaþjónustan sprakk út fóru veitingastaðir að hafa opið yfir vetrartímann, þeir lokuðu annars. Það var opnaður bar og skemmtistaður þannig að það var bara meira líf í bænum. Ég mundi segja að vetrarferðamennskan hafi breytt bænum hérna. (H9)

Það var langmest á veitingastöðunum. Maður gat séð fullt af fólki labba um höfnina þar sem eru einhverjir 5 veitingastaðir og allir að hlaupa á milli og finna hvar er styst í borð. (H11)

Við erum með alveg fátæka mörg veitingahús á Höfn þar sem búa 1800 manns. Að þar skuli vera alveg 8 veitingahús kannski og alltaf fullt. Við erum líka heppin með að af því að það er svo mikið af ferðamönnum hérna vanalega þá er svo mikil gróska. Við hefðum ekki þetta val um alls konar veitingahús ef það væru ekki allir þessir ferðamenn til að halda þessu öllu gangandi. (H7)

Árið 2016 voru um 30% íbúa á Höfn á því að ferðamenn hafi valdið meira ónæði í daglega lífinu en áður. Árið 2019 sögðust aðeins 10% Sunnlendinga verða fyrir ónæði í daglega lífinu. Í sömu könnun kom fram að 24% íbúa á Suðurlandi töldu heimabyggðina ekki geta tekið við fleiri ferðamönnum og hafði það lækkað marktækt úr 30% frá árinu 2017.

Í viðtölum sem voru tekin 2016 komu fram áhyggjur íbúa af álagi á matvöruverslun bæjarins, vandamálum á húsnæðismarkaði, m.a. í tengslum við skammtímaútleigu gistirýma til ferðamanna, ásamt aukinni umferð. Í rannsókn sem gerð var árið 2018 kom einnig fram að Hornfirðingar voru marktækt óánægðastir Sunnlendinga með aðgengi að verslun (Þorvarður Árnason og Arndís Lára Kolbrúnardóttir, 2019). Viðmælendur þessarar rannsóknar voru á því að sumir fyrrgreindra álagspunkta væru ekki lengur til staðar en sumt hefði þó ekki breyst. Til dæmis hefði staðan í búðinni lítið breyst og biðluðu viðmælendur til rekstraraðila matvöruverslunarinnar um að gera frekari úrbætur vegna aðsóknarinnar.

Svo kemurðu í búðina og það er ekkert til í búðinni, þá verður maður geðveikt pirraður. Ég veit að það eru margir hérna sem eru pirraðir út af búðinni. Hún er full af ferðamönnum og það er ekkert til. Nettó verður að fara að gera eitthvað í þessu. (H9)

Það hefur lítið breyst í búðinni. (H5)

Almennt virtust viðmælendur þó ekki pirraðir á ferðamönnum.

Menn geta alveg pirrað sig í búðinni en eru samt ótrúlega glaðir yfir ferðafólkinu út af öllu þessu afleidda sem kemur frá þeim. (H9)

Maður getur orðið pirraður yfir alls konar hlutum en ég man ekki eftir að hafa orðið pirraður yfir ferðamönnum. (H1)

Í viðtölum sem tekin voru á Höfn árið 2016 virtist íbúum að mikla vinnu væri að fá í ferðaþjónustu, mun meiri en samfélagið á Hornafirði gat annað. Á sama tíma var íbúum í þéttbýlinu að fækka þó svo að íbúum fjölgaði í sveitarfélaginu (Hagstofa Íslands, 2021a; 2021b). Fram kom að nauðsynlegt hefði verið að flytja inn erlent vinnuafl til að ferðaþjónustan á Hornafirði gæti vaxið og dafnað. En samfélagið virtist ekki vaxa samhliða ferðaþjónustunni. Í símakönnun meðal íbúa á Höfn árið 2016 kom í ljós að aðeins um helmingur íbúa (46%) taldi ferðaþjónustuna bæta búsetuskilyrðin á svæðinu. Árið 2016 voru nær allir (97%) íbúar Hafnar á því að auknum umsvifum ferðaþjónustunnar fylgdi skortur á íbúðarhúsnæði á svæðinu. Allt íbúðarhúsnæði virtist enda í höndum ferðaþjónustunnar, s.s. fyrir starfsfólk í ferðaþjónustu eða í skammtímaútleigu til ferðamanna.

Í viðtölunum núna kom fram að eftir að bygging nýrra íbúðarhúsa hófst upp úr 2017 hafi dregið úr þrýstingi ferðaþjónustunnar á fasteignamarkað á Höfn sem fann nýtt jafnvægi. Þó var ekki var eining um að vandamál vegna skammtímaútleigu íbúðarhúsnæðis til ferðamanna væru úr sögunni.

Leiðréttingin á húsnæðismarkaði hefur að stórum hluta átt sér stað. Núna er hérna heilbrigður skortur á íbúðarhúsnæði. Það er ekkert tómt nema bara by choice af eigendunum og ekkert tengt þessu. (H5)

Nú er búð að byggjast upp á Leirunni tugir húsa á undanförunum árum. Þá losnaði um annað. (H1)

Ég veit ekki alveg hvað er með þessa stýringu á heimagistingunni. Ég nenni ekki að eiga heima í götu þar sem er gisting. Mér hefur stundum fundist pólitíkin hjá þeim sem eru í meirihluta núna að það megi bara allir bjóða bælið sitt ef þeir vilja. Það er ekki alveg sátt um þetta. (H3)

Maður heyrir minna um heimagistingu líka út af því að það eru komnar þessar reglur. Þú mátt bara leigja út x marga daga. Þetta hefur minnkað en engu að síður eru ekkert fleiri leiguíbúðir samt á markaði hérna. Það er eiginlega enginn leigumarkaður í sveitarfélaginu. (H9)

Gröð uppbygging fyrirtækja

Margir íbúar á Höfn og í sveitarfélaginu sáu tækifæri í ferðaþjónustu. Í viðtölum við íbúa árið 2016 komu fram dæmi um að fólk hefði hætt í sínum hefðbundnu störfum til að vinna við ferðaþjónustu. Þetta voru störf sem voru óhugsandi áður. Árið 2018 voru 91% Hornfirðinga á því ferðaþjónustan hefði skapað ný störf sem ekki þekktust áður á svæðinu (Þorvarður Árnason og Arndís Lára Kolbrúnardóttir, 2019). Þegar vöxtur ferðaþjónustunnar var sem mestur virtist viðmælendum þessarar rannsóknar sem auðvelt hefði verið að stofna fyrirtæki og hefja rekstur í ferðaþjónustu. Til viðbótar komu önnur utanaðkomandi fyrirtæki á markaðinn. Nóg var af ferðamönnum á svæðinu og næg tækifæri til að afla tekna, að því er virtist án mikillar fyrirhafnar. Alls konar ferðaþjónustufyrirtæki urðu til og talað var um að allir virtust ætla að græða á ferðamönnum. Nokkrir viðmælendur líktu ástandinu við gullgrafaraæði.

Á tímabili voru allir að stofna fyrirtæki og fara í ferðaþjónustu og það hefur orðið brotthvarf úr öðrum atvinnugreinum, til dæmis úr kennslu í grunnskólanum og annars konar þjónustu. Fólk hætti í því og fór að gera út á ferðamenn. (H1)

Það hlýtur að vera frábært að geta startað fyrirtæki ef þú hefur ákveðna þekkingu og hæfni til að geta byrjað. En að vera á svona stað þar sem þú þarft ekki einu sinni að markaðssetja þig. Þú bara birtir fyrirtækið þitt, lógó kannski, emailið þitt, símanúmerið og þá bara kemur fólk til þín. Mér finnst það alveg magnað. (H7)

Þróunin var hröð. Fullt af fyrirtækjum sem fæddust og mikil sköpun. Á meðan einhverjir voru að búa til gæðafyrirtæki og stöðugleika þá sá maður inni á milli einstaklinga sem voru í gullgrafaraæði. [...] Það var enginn með sérstöðu, módelið var alltaf það sama. Svo datt einhverjum í hug að gera kajakferðir, þá ætluðu allir að gera það líka. (H6)

Það sem er búið að einkenna það síðustu ár er gullgrafaraæði. Það gat bara hvaða trillusjómaður sem er keypt sér bíla, byrjað að bóka og keyra íshellaferðir. (H9)

Á tímabili virtust mörg fyrirtæki bjóða upp á svipaða afþreyingu. Í því samhengi var mest talað um íshellaferðir. Nokkrir viðmælendur töluðu um að það virtist vera markmiðið að koma eins mörgum í slíkar ferðir og hægt væri og það hafi verið átroðningur á náttúruna sem hafi haft neikvæðar afleiðingar. Talað var um að lítið

eftirlit hefði verið með þessum ferðum, ástandið hafi verið orðið stjórnlaust. Sumir höfðu farið í íshellaferð og höfðu verið ánægðir en á sama tíma kom á óvart hversu mörg fyrirtæki virtust vera með ferðamenn á sama stað á sama tíma.

Þessar íshellaferðir voru orðnar að massífum iðnaðarbransa. Þetta var orðið mjög stjórnlaust. (H4)

Ég fór í íshellaferð og það var bara, einhvern veginn, 15 bílar og hellirinn fullur og allir að reyna að græða pening. Ég veit að heimamenn eru hundfúlir út í þá sem búa í Reykjavík og eru að koma með túrista alla leið hingað og voru með bílana í gangi úti í miðri náttúrunni meðan þeir fóru með fólkinn inni í helli. Hellirinn er alltaf flottur en maður gat ekki náð flottri mynd af sjálfum sér af því að það voru ógeðslega margir. Það var skrítið hvað voru margir þarna. Það voru líka margir leiðsögumenn og maður vissi ekki hver var með hverjum. Þetta kom á óvart. (H11)

Þessir íshellar eru virkilega takmörkuð auðlind og kannski þværandi eftir því sem jökullinn hopar. Svo segja þeir að það sé bara mannfýla í hellinum af því að það voru kannski 50 manns þarna rétt á undan. Svo kemur næsti hópur inn. (H3)


Um tíma hafði ég áhyggjur af því að það sem var verið að selja væri tapað í átroðningnum. Það er enginn að koma og sjá íshelli og vera eins og rúllustiganum í Kringlunni. (H6)

Viðmælendur voru sammála um að þetta ástand hefði ekki gengið til lengdar. Talað var um að leikreglur um nýtingu á takmarkaðri auðlind hefði skort og að þörf hefði verið á fjöldatakmörkunum í tengslum við íshella og jökla. Vatnajökulsþjóðgarður tók á málinu. Í júní 2019 lagði þjóðgarðurinn fram atvinnustefnu sem skilgreindi hvernig haga skuli þjónustu og aðgengi, þar með talið hámarksumfangi starfsemi á hverjum stað (Vatnajökulsþjóðgarður, e.d.b). Atvinnustefnan, sem var unnin í samráði við hag- og rekstraraðila, var fyrsta skrefið í átt að leikreglum fyrir fyrirtækin. Árið 2020 var hugsað sem reynslutími með áherslu á atvinnurekstur á suðursvæði þjóðgarðsins í tengslum við jöklagöngur og íshellaferðir (Vatnajökulsþjóðgarður, 2020, 2. desember). Viðmælendur voru vongóðir um að fyrirkomulagið myndi að endingu skapa sátt um starfsemina.


Mikilvægi ferðapjónustu og ánægja íbúa

Sunnlendingar hafa haft mikla trú á efnahagslegu og samfélagslegu mikilvægi ferðapjónustu fyrir landsfjórðunginn eins og fyrri kannanir á viðhorfum heimamanna frá árunum 2017 og 2019 hafa sýnt. Árið 2019 var hlutfall landsmanna sem sagði ferðapjónustuna vera efnahagslega mikilvæga fyrir heimabyggðina langhæst á Suðurlandi, eða 93%. Hlutfall Sunnlendinga sem taldi ferðapjónustu vera mikilvæga undirstöðu fyrir íslenskt efnahagslíf var einnig hátt. Meirihluti Sunnlendinga var á því að margir nytu efnahagslegs ávinnings af ferðapjónustunni í heimabyggðinni en um fjórðungur Sunnlendinga taldi að fáir nytu ávinningsins. Árið 2019 sögðust 90% Sunnlendinga vera ánægðir með ferðapjónustu í sínu samfélagi en hlutfallið á landsvísu var 85%. Í viðtölum við íbúa á Höfn árið 2016 kom einnig skýrt fram að ferðapjónusta væri mikilvæg fyrir íbúa á svæðinu. Talað var um að auknum ferðamannastraumi fylgdi meiri atvinna og meira líf.

Í símakönnuninni 2021 var mikilvægi ferðapjónustu undirstrikað en 99% svarenda á Höfn sögðu ferðapjónustuna vera mikilvæga fyrir samfélagið. Jafnframt kom ánægja meirihluta íbúa skýrt fram eins og sjá má á mynd 1. Á Höfn voru konur, háskólamenntaðir og íbúar með allt að 10 ára búsetu á svæðinu marktækt ánægðari með ferðapjónustu en aðrir hópar. Ungt fólk undir þrítugu var líklegast til að vera ósammála og konur líklegri en karlar til að vera ánægðari.



Mynd 2 Mælikvarðar fyrir ánægju íbúa með ferðapjónustu og mat þeirra á mikilvægi hennar



Mynd 1 Mat íbúa á ánægju með ferðapjónustu og mikilvægi hennar fyrir samfélagið. Samanburður á meðaltölum svara á stöðunum fjórum (1=mjög lítið vægi; 5=mjög mikið vægi)

Martækur munur var milli rannsóknarsvæðanna á því hvernig íbúar mátu mikilvægi ferðapjónustu. Ánægja með ferðapjónustu mældist meiri meðal íbúa á Höfn en meðal íbúa hinna rannsóknarsvæðanna þriggja (mynd 2). Á öllum svæðunum var jákvætt samband milli mats á mikilvægi og ánægju en sterkast var sambandið í Mývatnssveit og á Höfn.

Viðmælendur á Höfn voru á einu máli um mikilvægi ferðapjónustunnar. Flestir töluðu um mikilvægi ferðapjónustunnar í samhengi við fjölbreytni atvinnulífsins á Höfn og að tækifæri í ferðapjónustu hefðu skapað mót vægi gegn einsleitni í samfélaginu. Það skipti viðmælendur miklu máli að bærin væri ekki alfarið upp á eitt stórt útgerðarfyrirtæki kominn. Sumir voru á því að ferðapjónustan hefði jafnvel verið orðin stærri en sjávarútvegurinn.

Á þessum tíu árum frá 2010 til 2020 þá breyttist Höfn frá því að vera sjávarútvegspláss yfir í að verða ferðapjónustuborð. Ég held að

ferðaþjónustan hafi verið orðin stærrí atvinnugrein hvað varðar innkomu og mannafla heldur en sjávarútvegurinn. (H1)

Ferðaþjónustan er klárlega mikilvæg. 50% af atvinnugreinum hérna tengjast örugglega ferðamönnum. Hitt er svo Skinney-Þinganes og fiskurinn. Það eru þessir tveir stóru pólar. (H11)

Áður en ferðaþjónustan kom til þá var maður orðinn hræddur við að sjá fram á að það yrði bara eitt fyrirtæki hér ráðandi sem er Skinney-Þinganes. Allt annað var mjög hverfandi. [...] Maður hafði oft heyrt frá stöðum eins og Eskifirði, Norðfirði og fleiri stöðum hvað það er slæmt þegar samfélagið verður svona einsleitt. Maður var farinn að hafa svolitlar áhyggjur af því. En þá kemur akkúrat ferðaþjónustan. Ferðaþjónustan breytir algjörlega, að mínu áliti, ásýnd samfélagsins í það að verða þetta frekar jafna samfélag þar sem þú varst ekki upp á einhvern einn kominn. Hún hefur haft gríðarlega jákvæð áhrif á samfélagið og leitt inn í samfélagið mikla bjartsýni og uppgang. (H10)

Það vantaði þetta líf sem varð. [...] Það varð meira gaman. Að hafa þessa fjölbreytni í atvinnulífinu gjörbreytti samfélaginu. Allt í einu hafði fullt af fólki tækifæri til að búa eitthvað til. Menn þróuðu nýjar atvinnugreinar sem voru ekki til, eins og þessar íshellaferðir. [...] Það urðu fullt af fyrirtækjum til. Síðan kemur í ljós að þau voru orðinn grundvöllurinn að ferðaþjónustu yfir allt árið. Þetta eru þessir mánuðir frá október og fram í mars, það var allt í einu búið að brúa gatið þarna með nýjum vörum og þjónustu. (H4)

Margir viðmælendur töluðu um uppgang ferðaþjónustunnar, bæði innanbæjar og í dreifbýlinu, við byggðafestu og framtíð samfélagsins. Ferðaþjónustan var mannaflsrek og nýtt fólk kom inn í samfélagið. Ungt fólk gat séð fyrir sér framtíð og starfsframa á Hornafirði.

Það sem ég er að sjá síðustu árin hér að unga fólkið er að koma aftur austur. Oft er þetta líka fólkið úr sveitunum. Það blæs nú ekkert byrlega fyrir landbúnaði á Íslandi en þarna hefur unga fólkið sér tækifæri til að koma heim. Það eru ansi mörg fjárhúsin og fjósin sem er búið að breyta í ferðaþjónustu í sveitinni. Það er mjög mikilvægt hérna. (H3)

Við vorum að fá alls konar fólk. Íslendinga og útlendinga sem voru að koma að vinna í ferðaþjónustu. Það voru miklu fleiri störf í boði, það var miklu meira. Það er fullt af ungu fólki sem er að vinna í ferðaþjónustu og finnst það vera skemmtileg og áhugaverð vinna. (H2)

Það var búið að vera stöðnun hérna lengi. Það var rosa gaman að flytja heim í allt annan takt. Fullt af nýjum tækifærum, alls konar ný atvinnusköpun. [...] Lífið í bænum. Það er æðislegt að geta farið út að borða og það er bara fólk frá öðrum löndum út um allt. Ég á minningar um að fara út að borða hérna og það er bara dauðþögn. [...] Það var einhver stöðnun og tilbreytingarleysi sem mér fannst einkenna fyrir en svo einhver algjör kúvending með komu ferðamannanna og ég sé ekkert nema jákvætt við það. (H8)

Í viðtölunum kom ítrekað fram ánægja með margt sem fylgdi ferðaþjónustunni. Viðmælendur voru einnig almennt ánægðir með ferðaþjónustuna sem hefði stækkað samfélagið á Höfn og glætt það lífi. Mikil ánægja var með ferðaþjónustuna sem mótvægisafli gegn einsleitni í samfélaginu. Fram kom að þorpinu sé hætt við einangrun vegna landfræðilegrar staðsetningar þess en samfélagið sé engu að síður opið. Einnig kom fram að þó svo að margt væri jákvætt við ferðaþjónustuna væru ef til vill einhverjir sem hefðu ekki skoðun á henni.

Ferðaþjónustan er frábær. Alveg meiriháttar bara. Þetta bara gerir okkar samfélag einhvern veginn bæði breiðara og stærra. Einsleitnin minnkar og maður sér meiri gerðir af fólki. (H1)

Ég upplifði ferðamannastrauminn mjög jákvætt. Ég er svo fegin að samfélagið varð ekki einsleitt, þess vegna sé ég þetta svo jákvætt. (H10)

Í viðtölunum kom fram að þó svo að almennt væru íbúar ánægðir með ferðaþjónustuna væri margt sem þarfnaðist betri úrlausnar. Stærstu vandamálin sem viðmælendur nefndu tengdust umferðinni, sem er lýst hér síðar, matvöruversluninni og stöðunni í íshellaferðunum.

Aukin hætta í umferð

Í rannsókn sem gerð var árið 2016 kom fram að meirihluti íbúa á Höfn var á því að ástand vegakerfisins væri slæmt. Íbúar höfðu áhyggjur af meiri og hættulegri umferð og álagi á vegakerfið í sveitarfélaginu. Neikvæð áhrif umferðarinnar á þjóðvegum hafa komið skýrt fram í öllum könnunum á viðhorfum íbúa á Suðurlandi (Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2020b; 2018, Þorvarður Árnason og Arndís Lára Kolbrúnardóttir, 2019).

Frásagnir viðmælenda þessarar rannsóknar um umferð á hringveginum, í sveitarfélaginu allt frá Höfn til höfuðborgarinnar, voru einnig á þessum nótum. Viðmælendur lýstu því hvernig umferðin breyttist þegar ferðamönnum fjölgaði allt árið um kring og slyshættan varð meiri.

Umferðaröryggið okkar breyttist. Það var tvennt ólíkt að fara Höfn-Reykjavík núna síðustu 5, 6, 7 ár miðað við það sem var áður en var ekkert endilega gott áður. (H6)

Það er mikil umferð. Það eru bílaleigubílar út um allt, fólk að stoppa, hægja rosa mikið niður við einbreiðu brýrnar og alls konar svona hlutir. Bíllar úti kanti, alltaf að hægja á eða lenda í einhverri halarófu, dólandi á eftir mörgum bílum í röð. Fólk að glápa á jöklana en er einhvern veginn út um allan veg samt, þú kemst ekki framhjá því. Það heldur áfram að keyra og glápa út í loftið. (H7)

Hér eru vegirnir miklu mjórri en annars staðar. Það er erfitt fyrir tvo flutningabíla eða stóra bíla að mætast. Ef þú ert að mæta túrista sem þorir ekki yfir hvítu línuna eða keyrir á henni miðri þá ertu bara í stórhættu. Það hafa orðið slys og jafnvel dauðaslys þar sem ferðamenn eru að keyra inn á sömu einbreiðu brúna. (H3)

Viðmælendur höfðu áhyggjur af aukinni hættu í umferðinni.

Ég á börn sem eru með bílpróf og komin með fjölskyldu. Maður er hálfsmeykur að krakkarnir væru að fara til Reykjavíkur í þessa haföldu sem var farandi yfir. (H6)

Þetta er auðvitað stórhættulegt. (H7)

Stundum líður manni hreinlega bara illa yfir þessu. (H1)

Viðmælendur lýstu einnig viðbrögðum íbúa við aukinni umferð og umferðarhættu vegna háttalags ökumanna. Þau báru þess vott að rót vandans væri óviðunandi

innviðir vegakerfisins, ekki ferðamennirnir. Viðmælendur sýndu skilning á því að ferðamenn væru að keyra í ókunnu umhverfi þar sem margt forvitnilegt ber fyrir augu. Sumir voru farnir að þekkja staðina sem slyshættan var mest. Gert var ráð fyrir lengri ferðatíma milli staða á hringveginum og dæmi um að fólk færi á öðrum tímum dags til að forðast mesta umferðarpungann.

Maður þurfti svolítið að stilla hugann inn á það að vera ekki að stressa sig. Það þýðir ekkert að láta þetta trufla sig og blóta þeim fyrir að vera að þvælast fyrir okkur. Maður þurfti bara að reikna með lengri tíma, slaka á og reyna líka að setja sig dálítið í þeirra spor. Auðvitað er þetta alveg stórkostlegt. Okkur finnst sjálfum jöklarnir okkar og fjöllin ofsalega falleg og Jökulsárlónið er alveg magnað og hreindýr úti á túni. Okkur finnst það alveg stórkostlegt, hvað þá fólk sem hefur aldrei séð það áður. Maður verður líka aðeins að setja sig í þeirra spor. (H7)

Maður þekkti staðina sem var líklegt að það gæti eitthvað óvænt gerst. Ef það er bíll 100 metra fyrir framan mann og hann er að nálgast þennan stað þá veit ég að mjög líklega kemur hann til með að bremsa á punktinum þegar hann sér eitthvað sem honum finnst áhugavert. (H1)

Meðan það var mest af ferðamönnum þá keyrði maður suður eða austur á kvöldin. (H5)

Vandamálin við vegina eru vel þekkt á Hornafirði, þar á meðal mjóir vegir, skortur á veggirðingum á ýmsum stöðum, of fá útskot og of margar einbreiðar brýr (Markaðsstofa Suðurlands, 2020). Á Suðurlandi hefur mikilvægi úrbóta á vegakerfi margsinis verið tíundað. Í samgönguáætlun Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga 2017-2026 er ítrekað að árleg 20-30% umferðarukning án breikkunar og endurbóta á vegakerfinu gangi ekki lengur. Fjármunir til viðhalds vegakerfis hafi ekki verið fullnægjandi til að tryggja umferðaröryggi (Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, 2017).

UPPLIFUN ÍBÚA AF FERÐAMÖNNUM OG FERÐAÞJÓNUSTU Í HEIMSFARALDRI

Áhrif heimsfaraldurs á daglegt líf og fækkun ferðamanna

Allir viðmælendur lýstu því að ferðamönnum fækkaði verulega í faraldrinum. Í viðtölum var því lýst að fyrsta bylgja kórónuveirufaraldursins hefði komið upp á óheppilegum tíma fyrir ferðaþjónustuna á Höfn þegar tímabil íshellaferðanna stóð sem hæst. Fyrst um sinn stóðu vonir til að faraldurinn yrði skammvinnur og lýstu viðmælendur því að rekstraraðilar í ferðaþjónustu hefðu verið bjartsýnir.

Eftir á hyggja voru menn tiltölulega bjartsýnir. Menn bjuggust ekki við að þetta yrði svona langt tímabil. Auðvitað börmuðu menn sér og þetta kom á tiltölulega óheppilegum tíma. [...] Menn voru komnir töluvert inn í [íshellaferða]seasonið þegar stoppið kemur. Menn litu meira á þetta sem tímabundin óþægindi. (H5)

Svo var það þannig um vorið [2020] og kannski voru það líka skilaboðin frá stjórnvöldum að þetta snérist um að þrauka þetta tímabil í vor og svo yrði allt búið. Fólk vissi ekki betur. (H3)


Þetta var ekki það sem maður hefði pantað. Manni leið óþægilega út af því sem er að gerast í samfélaginu en ekki tengt veirunni endilega. (H1)

Verkefnum ferðaþjónustufyrirtækjanna fækkaði samhliða fækkun ferðamanna. Smám saman varð verkefnaskorturinn sýnilegri í bænum þegar ökutæki af ýmsu tagi, sem áður voru í notkun í ferðaþjónustu, voru tekin af númerum.

Þegar þú keyrir inn í þorpið þá er tjaldstæðið á vinstri hönd. Áður en þú kemur að því er stórt svæði, [...] þar er líka bílastæði. Á tímabili voru 10 eða 20 fjallajeyppar sem voru áður farartæki til að fara með fólk á jökla sem voru bara þarna, búið að taka af númerum. Þeir hrúguðust þarna upp, bílarnir, sem áður höfðu verið í daglegum ferðum fram og tilbaka og mala bara gull. En þarna voru þeir bara vikum og mánuðum saman. Ekkert að gera. [...] Það fór að dragast upp þessi mynd að miðað við það sem hafði verið hérna áður þá birtist þetta svo greinilega. (H1)

Margir tóku jeyppana sína af númerum og biðaðu bara. Þeir sem voru kannski með fleiri en einn bíl í gangi hafa verið að draga saman seglin. Þeir standa hér sum staðar í röðum á bílastæðum. Breyttir jeyppar, rosa flottir. (H7)

Maður hafði fundið í ferðaþjónustunni að samdráttur í kerfinu var hafinn eftir að WOW fellur. Svo kom þetta. (H4)



Mynd 3 Upplifun af fækkun ferðamanna - svör frá Höfn

Í símakönnun sögðu 88% íbúa á Höfn að heimabyggðin hefði verið dauflægri en áður vegna fækkunar ferðamanna og 64% íbúa þótti neikvætt að erlendum ferðamönnum hefði fækkað umtalsvert á svæðinu (mynd 3 á síðunni hér á undan). Á mynd 4 sést að hlutfall þeirra sem upplifðu dauflægri heimabyggð var svipað í Reykjavík og á Höfn og í Mývatnssveit en hlutfallið var marktækt lægra á Ísafirði. Á Höfn voru námsmenn og fólk undir þritugu ólíklegast til að finnast heimabyggðin dauflægri. Konur voru líklegri en karlar til að telja það jákvætt að ferðamönnum fækkaði en einstaklingar sem störfuðu í ferðaþjónustu voru líklegri en þeir sem störfuðu við annað til að líta á fækkun ferðamanna sem neikvæða.

Dauflægri heimabyggð var einnig lýst í viðtölunum. Þar sem áður var líf var núna tóm. Það fór ekki framhjá neinum að bílastæði við matvörubúðina, gisti- og veitingastaði voru orðin auð.

Bæði í vor og undanfarið þá hefur mér fundist allt að eiginlega slökkna svolítið hér. (H3)

Það er engin biðröð á kassanum í Nettó lengur. (H8)

Maður tekur vel eftir þessu. Það tæmist bílaplanið fyrir utan búðina. Maður horfði aðeins í kringum sig og skoðaði hvernig statusinn var á gististöðunum hvað voru margir bílar fyrir utan þegar maður var að keyra. (H5)


Umferð á vegum úti dróst verulega saman og minnti á gamla tíma þegar umferðin var minni. Sumum viðmælendum þótti undarlegt að keyra á hringveginum án þess að mæta ferðamönnum hvar sem var, eins og vant var orðið. Bílaleigubílar voru horfnir.

Við fórum um daginn til Reykjavíkur og á leiðinni vorum við að veðja um það hvort það skyldi vera bíll á Jökulsárlóni eða ekki. [...]. Það var enginn þar og enginn að heimsækja flugvélaflakið á Sólheimasandi og það er ekkert. Þegar við keyrðum héðan frá Höfn til Víkur sem eru 280 kílómetrar mættum við 31 bíl, mjög mikið af þeim voru þjónustubílar, litlir flutningabílar og skólabílar. Þannig að það er ekkert. (H3)

Maður finnur það núna þegar við erum komin tilbaka í tíma, einhvern veginn í umferðinni, hvað þetta var rosaleg alda sem skall á okkur. (H6)

Nokkrir viðmælendur sögðust hafa saknað ferðamanna og lífsins sem fylgdi þeim. Þeir sem höfðu fundið fyrir þreytu af álagi á matvöruverslunina fyrir faraldurinn fundu eins konar staðfestingu á því hvernig þeir höfðu upplifað ástandið þar þegar ferðamennirnir voru ekki lengur á svæðinu.

Af því að maður er aðeins búinn að vera að pirra sig, það er svo mikið af fólki og búðin er full alltaf. [...] Brauðið búið, engin gúrka til ef maður ætlar að skjótask inn og grípa eitthvað. Ég held að maður hafi verið orðinn þínu þreyttur á því þó maður sé að reyna að vera meðvitaður og vera ekkert að stressa sig, þá verður þetta þreytandi. Ógeðslega frek og algjör forréttindi að geta farið út í göngutúr og hitta engan[...]. En svo þegar þetta datt allt í einu niður þá sá maður að maður var ekki að pirra sig út af engu. Maður var ekki bara að ímynda sér að það væri svona mikil traffík og mikið áreiti endalaust heldur þá var það bara þannig. Það var alltaf fólk út um allt og allt fullt alls staðar. Svo þegar allt stoppaði þá var maður svona: „Já, alveg rétt, svona var þetta.“ (H7)



Mynd 4 Upplifun af fækkun ferðamanna - allir staðir

Sumir lýstu því að þeir hefðu verið fegnir að fá hvíld, eða pásu í skamma stund en það dró úr ánægju að vita til þess að aðrir í samfélaginu ættu erfitt. Fyrir suma tengdist hvíldin ekki brotthvarfi ferðamanna heldur rólegri lífstakti almennt.

Ég hef fundið fyrir ákveðnum létti yfir aðeins rólegri takti. Ekkert endilega að það snúi að því að það eru ekki ferðamenn hérna lengur heldur bara takturinn er aðeins eðlilegri og fólk hefur meiri tíma til að vera fjölskylda og gera eitthvað annað en að vinna stanslaust og það hafi jákvæð áhrif þegar uppi er staðið. Kannski er það líka vegna þess að fólk sér fram á að þetta muni fara aftur í samt far. Það er allavega mín upplifun. Það sé lítið á þetta sem smá frí, kannski ekki frí en svona smá hvíld bara. Það er búið að vera rosalega mikil samfélagsleg keyrsla. Ekki skilja það samt sem neikvætt, það var ekki þannig að: „Úff loksins fóru þessir túristar“. Ekki skilja mig þannig. (H8)

Mér fannst það mjög nice. Maður er aðeins að njóta þess að geta aftur farið út að labba á morgnana og hitt engan og maður hrekkur í kút ef einhver kemur og skokkar framhjá manni í myrkrinu. Maður er bara að njóta þess í tætlur að það sé friður og ró. En á sama tíma er það ógeðslega leiðinlegt. Fólk missir vinnuna og missir viðskiptavinina sína og allt þetta. Þetta hefur allt kosti og galla. (H7)


Viðmælendur lýstu því að vonin um skammvinnu ástand, sem einkenndi fyrstu bylgju kórónuveirufaraldursins hafi smám saman fjarað út um haustið 2020 þegar önnur og þriðja bylgja reið yfir.

Þá kom svolítið bakslag. Það dró úr bjartsýninni sem hafði verið að byggjast upp. Þegar þriðja bylgja kom þá dró úr fólki. (H1)

Ég skynjaði í umhverfinu og í ferðapjónustunni að það urðu vonbrigði með að það yrði aftur takmarkað svona mikið. Það átti von á því að veturinn [2020-2021] yrði betri [...]. Það komu vonbrigði og svekkelsi. (H9)

Áhrif á atvinnu og tekjur einstaklinga

Einn af hverjum þremur íbúum á Höfn sagði í símakönnun að COVID-19-faraldurinn hefði haft neikvæð áhrif á tekjur þeirra eða fjölskyldna þeirra (mynd 5). Um tveir af hverjum þremur voru á því að faraldurinn hefði ekki haft áhrif á tekjur. Af rannsóknarstöðunum fjórum var hlutfall þeirra sem töldu sig hafa orðið fyrir tekjuskerðingu í faraldrinum hærra í Mývatnssveit og 101-Reykjavík. Á Höfn var marktækur munur á svörum eftir stöðu á vinnumarkaði (neikvæðust áhrif á tekjur sjálfstætt starfandi og þeirra sem störfuðu við annað) og eftir því hvort einstaklingar störfuðu við ferðapjónustu.



Mynd 5 Áhrif COVID-19 á tekjur einstaklinga – allir staðir

Til að skýra tengsl mats á áhrifum faraldurs annars vegar á tekjur og hins vegar búsetu og þess hvort einstaklingar hafi ferðaþjónustu að aðalstarfi var gerð aðhvarfsgreining á svörum þessara hópa. Svörin voru metin á fimm punkta kvarða þar sem 1 táknaði mjög neikvæð áhrif og 5 táknaði mjög jákvæð áhrif (mynd 5). Aðhvarfsgreiningin sýnir að íbúar á Höfn settu sig að jafnaði á 2,8 á kvarðanum sem segir til um áhrif COVID-19 faraldursins á tekjur svarenda og fjölskyldna (tafla 3). Af þessu má sjá að áhrif faraldursins á tekjur svarenda og fjölskyldna þeirra hafi verið neikvæðari í Mývatnssveit, 101 Reykjavík og á Höfn en áhrifin verið mildari á Ísafirði. Greiningin staðfestir einnig að áhrif faraldursins á tekjur einstaklinga með starf í ferðaþjónustu hafi verið neikvæðari en á einstaklinga í öðrum atvinnugreinum.

Tafla 3 Niðurstöður aðhvarfsgreiningar

Mat á áhrifum Covid-19 faraldursins á tekjur einstaklinga og fjölskyldna þeirra*	
Starfar ekki í ferðaþjónustu (Höfn)=0	2,815
Starfar í ferðaþjónustu (Höfn)	-1,055**
Búseta (Höfn=0)	2,566
101 Reykjavík	-0,001
Mývatn	-0,233
Ísafjörður	0,224**
*Kvarði frá 1-5; 1=mjög neikvæð áhrif; 5=mjög jákvæð áhrif	
**p>0,001	

Eitt stærsta umtalsefnið í viðtölunum á Höfn voru áhrif kórónuveirufaraldursins á atvinnulíf og tekjur einstaklinga. Viðmælendum var ljóst að áhrif COVID-19 á atvinnulífið á Höfn og í sveitinni voru neikvæð. Þar sem áður var næga vinnu að fá fyrir alla sem vildu jókst atvinnuleysi í einni svipan.

Síðan hrynur þetta og þá fáum við 20-30% atvinnuleysi bara einn, tveir og þrír. (H1)

Ég held að það hafi aldrei verið svona mikið atvinnuleysi. (H7)

Flestir viðmælenda sem voru virkir á vinnumarkaði höfðu haldið sinni vinnu og fæstir sögðust hafa orðið fyrir tilfinnanlegri tekjuskerðingu vegna faraldursins. Nokkrir höfðu þurft að hliðra til verkefnum, hagræða og/eða taka sumarleyfi og önnur frí á öðrum tíma en upphaflega var áætlað. Að minnsta kosti einn viðmælandi var atvinnulaus og annar hafði orðið af tekjum þar sem engin eftirspurn var eftir heimagistingu.

Það er náttúrulega atvinnuleysi núna. Ég er atvinnulaus. Það eru bara fín úrræði varðandi það og stjórnvöld hafa spilað mjög vel. (H4)

Fólki var ekki kunnugt um að fyrirtæki hefðu lagt upp laupana í faraldrinum en lífsviðurværi margra fjölskyldna hefði verið í húfi þegar ferðaþjónustan lagðist í dvala. Viðmælendur höfðu samúð með þeim sem höfðu átt erfitt í faraldrinum.

Ég veit frá fyrstu hendi hvaða áhrif þetta hefur haft á ferðaþjónustuna hjá minni fjölskyldu. Vissulega hef ég samúð með þeim. Þetta er fólk sem hefur helgað sig ferðaþjónustunni í mörg ár og þetta er erfitt. (H9)

En svo sér maður vini okkar, fólk sem er í ferðaþjónustu, það fólk hefur áhyggjur og er að beita tólum og tækjum til að komast í gegnum þetta. (H6)

Ég veit ekki um neinn sem hefur skellt í lás fyrir fullt og allt. (H7)

Flestir þekktu einhvern eða einhverja sem höfðu verið í ferðaþjónustu og misst vinnuna. Sumum þótti ekki ljóst hvort kórónuveirufaraldurinn hefði haft sambærileg áhrif á aðrar starfstéttir en ferðaþjónustuna. Ekki var heldur alltaf ljóst hvort fólk hefði misst vinnuna að fullu eða þurft að draga úr starfshlutfalli gegn hlutabótum á móti.

Ég held að sumir hafi ekki haft neitt að gera og það hafi áhrif hjá þeim. En fyrir almenna borgara sem var kannski ekki inni í ferðaþjónustunni þá hafði þetta kannski takmörkuð áhrif á daglegt líf þeirra. (H5)

Nokkrir viðmælendur áttu ættingja sem ráku ferðaþjónustufyrirtæki í dreifbýlinu sögðu að þeir hefðu þurft að loka einn af öðrum, lítið sem ekkert var um bókanir.

Vitað var að þar hafi þurft að grípa til uppsagna en dæmi voru um að einhverjir hefðu reynt að halda uppi lágmarksstarfsemi. Talið var að áhrif atvinnuleysis hafi verið meiri í dreifbýlinu en í þéttbýlinu á Hornafirði og þá mest meðal erlends starfsfólks. Einnig var talið að atvinnuleysis hafi gætt í gisti- og veitingaþjónustu og í afþreyingu, bæði á Höfn og utan Hafnar.

Svo kemur að [ferðaþjónustufyrirtækin] þurfa bara að loka, það var mjög erfitt. Þá fór maður að hugsa hvernig menn ætluðu að halda þessu, hvernig gerir maður þetta og reyna að finna út úr öllu með afborganir og þetta peningalega í kringum þetta. [...] Maður hélt að maður væri einn fyrst og svo uppgötvar maður að þetta er miklu stærri mynd. (H4)

Hér hefur þetta veruleg áhrif en áhrifin á sveitirnar eru miklu meiri. (H5)

Í símakönnun kom í ljós að tæplega 60% svarenda á Höfn taldi að atvinnuleysi í ferðaþjónustu í faraldrinum hefði bitnað meira á erlendu starfsfólki en innlendu. Marktækur munur var á svörum milli rannsóknasvæðanna fjögurra (mynd 6) en hlutfall þeirra sem taldi erlent starfsfólk frekar hafa orðið atvinnuleysi að bráð var hæst í 101 Reykjavík og lægst á Ísafirði. Á Höfn var marktækur munur á svörum mismunandi aldurshópa og eftir kyni. Einstaklingar 60 ára og eldri og karlar voru líklegri til að vera sammála því að atvinnuleysi í ferðaþjónustu hafi bitnað meira á erlendu starfsfólki en innlendum á svæðinu.


Viðmælendum á Höfn þótti erfitt var að átta sig á því hve margir af þeim sem misstu vinnuna hafi verið fólk með fasta búsetu í sveitarfélaginu, hreyfanlegt vinnuafli eða einstaklingar með búsetu utan sveitarfélagsins. Að mörgu leyti hafi hreyfanlega vinnuaflið og erlent starfsfólk í ferðaþjónustu verið ósýnilegur hópur í samfélaginu. Fáir virtust vita hvernig þessum hópi reiddi af í faraldrinum.

Ég átta mig ekki á því hvað mikið af fólki sem starfaði við ferðaþjónustu var hreyfanlegt atvinnuafli. Fólk sem kom til tölulega hratt inn á staðinn og fór tiltölulega hratt. (H5)

Útlendingar hafa dálítið verið að missa vinnuna hér og mér skilst að einhverjir af þeim séu að fara heim. (H3)

Stór hluti þeirra sem misstu vinnuna var ekki endilega fólk sem var með búsetu á Höfn heldur voru með lögheimili í Reykjavík og fengu starfsmannaaðstöðu til að vinna hérna á svæðinu. Það skekkir svolítið myndina. Ég held að þetta sé stórt, þungt áfall, sérstaklega fyrir þá sem voru inni í hringið ferðaþjónustunnar og stóðu allt í einu frammi fyrir því að vera að missa fría húsnæðið og jafnvel fæðið sem voru í rauninni fríðindin við að vinna og voru að gefast fyrir að vera í miðju einskislands. (H6)

Í rannsókn sem gerð var meðal erlends starfsfólks í ferðaþjónustu á Hornafirði sumarið 2020 kom fram að þessir einstaklingar bjuggu við skert atvinnuöryggi í



Mynd 6 Atvinnuleysi hafi bitnað meira á erlendu starfsfólki en innlendu - allir staðir

faraldrinum og veik félagsleg tengsl í heimabyggðinni (Arndís Ósk Magnúsdóttir o.fl., 2020). Margir viðmælendur þessarar rannsóknar töldu að staða þessa hóps væri veikari en annarra í samfélaginu. Talið var að þeir sem voru enn á svæðinu gætu átt erfiðara uppdráttar í atvinnuleysi eða á hlutabótum og óljóst hvort þeir þekktu sín réttindi í félagslega kerfinu. Nokkrir viðmælendur töluðu um að sveitarfélagið hefði reynt að koma til móts við þarfir þeirra sem ýmist vildu vera áfram í sveitarfélaginu eða gátu ekki farið. Fram kom að atvinnurekendur í ferðaþjónustu hefðu borið vissa ábyrgð á sínu starfsfólki. Almennt vildu viðmælendur ekki að fólk af erlendum uppruna, sem vildi vera áfram í samfélaginu, þyrfti að hverfa á brott

Það kannski bjóst enginn við því að þetta mundi gerast. Ég held að vinnuveitendur hafi oft líka bara verið óöruggir. Það voru að koma inn nýjar leiðir, hlutabótaleiðir og eitthvað alls konar. Ég held að það voru allir að reyna að setja sig inn í eitthvað nýtt og finna út úr hlutunum[...] Við viljum ekki að fólk fari, það væri auðvitað hræðilegt að missa þau öll í burtu. (H8)

Að erlendu starfsfólki undanskildu sögðust sumir viðmælendur ekki átta sig á áhrifum atvinnuleysis á samfélagið á Höfn. Þrátt fyrir að tölur um atvinnuleysi hafi verið býsna háar um tíma virtist það ekki haft áhrif á stöðugleika í samfélaginu. Talið var að sumir hefðu lagt sín ferðaþjónustufyrirtæki til hliðar og fljótlega horfið til annarra starfa eða til þeirra starfa sem þeir voru í áður en þeir fóru í ferðaþjónustuna. Einhverjir höfðu verið úrræðagóðir og fundið störf í öðrum atvinnugreinum. Líklegt þótti að fólk sem hafði verið í ferðaþjónustu myndi fara þangað aftur um leið og það gæti.

Ef ég á að vera alveg hreinskilinn þá veit ég að atvinnuleysi hefur aukist og það voru áhyggjur af því. En mér finnst nú samt vera stöðugleiki. Það voru margir sem hurfu til fyrri starfa miðað við menntun og reynslu. Ég veit að tölurnar segja eitthvað en ég held að þetta sé flóknara og það þurfi að lesa út úr tölfræðinni. (H6)

Skólinn bara tæmdist á tíma. Kennararnir hurfu í ferðaþjónustuna en eru að koma tilbaka núna. Svo veit maður ekki hvort þeir fara bara aftur þegar verður meira að gera. (H9)

Allir þessir karlar sem eru með hellaskoðanir og eitthvað svona eru yfirleitt gamlir iðnaðarmenn. Margir þeirra hafa verið að taka upp pensilinn eða farið að spartla og reynt að bjarga sér. (H11)

Sem betur fer hefur hingað til frekar vantað fólk hingað heldur en störf. Kannski erum við ekki að fara eins illa út úr þessu og margir. Ég veit það ekki alveg. (H7)

Það er nóg af fólki í Nettó. Það er fullmannað núna í grunnskólanum og líka leikskólanum. Margir fóru úr ferðaþjónustu í Skinney-Pinganes. Núna er fullt hjá Skinney, þeir taka ekki fleiri. (H2)

Viðmælendum var ekki kunnugt um að einstaklingar sem áður unnu í ferðaþjónustu, að erlendu starfsfólki undanskildu, hafi flutt frá Hornafirði en nokkur dæmi voru um fólk sem hafði flutt frá Reykjavík til Hornafjarðar í faraldrinum vegna atvinnuleysis á höfuðborgarsvæðinu.

Almennt var talið að á uppgangstíma ferðaþjónustunnar hafi verið skortur á fólki til að vinna á Höfn (Eyrún Jenný Bjarnadóttir o.fl. 2016). Fölbreytni í atvinnulífinu og staða sjávarútvegarins á Höfn virtist vera sterkt vopn fyrir atvinnulífið í faraldrinum en áhrifin á ferðaþjónustuna hefði verið meiri í dreifbýlinu en í þéttbýlinu.

Ég hugsa að sem heild þá sé ferðaþjónustuna jafnvel orðin stærri heldur en sjávarútvegurinn. Það er meiri kjölfesta í búsetunni í þorpinu. Það eru kannski fleiri sem búa hér í þorpinu sem eru tengdir sjávarútveginum. Sjávarútvegurinn hefur lítil áhrif á sveitirnar, sveitirnar eru meira ferðaþjónustutengdar, þar hefur uppbyggingin verið undanfarin ár. Íbúafjölgunin hefur verið í dreifbýlinu. (H5)

Til viðbótar var ánægja með aðgerðir stjórnvalda til varnar ferðaþjónustu sem hafi gefið fyrirtækjum og samfélaginu á Höfn aukinn kraft til viðspyrnu í faraldrinum.

Sumarið 2020

Upp úr miðjum júní fóru ferðamenn aftur að sjást á Höfn. Viðmælendur töluðu um að samsetning hópsins hefði verið önnur en árin á undan. Erlendir ferðamenn voru fáir en innlendir ferðamenn voru afar áberandi. Í símakönnuninni kom fram að 95% íbúa á Höfn fannst Íslendingar hafa verið meira áberandi um sumarið en oft áður (mynd 7) og var enginn marktækur munur á svörum mismunandi hópa á Höfn.

Í sumar þá allt í einu gerðist eitthvað og lífið fór alveg á fullt. Það var rosalega mikið af Íslendingum. (H8)

Ég tók eftir því að það var fullt af börnum hérna í sumar. Venjulega eru svona 95% af ferðamönnum sem koma hingað ekki með börn. Núna voru fjölskyldur að koma til Hafnar, íslenskir ferðamenn. Við erum með flott leiksvæði á nokkrum stöðum í bænum, þau voru alltaf full af börnum. (H2)


Þá kom svolítið af túrista þótt það hafi ekki verið í neinu magni. [...] Ég hef aldrei séð tjaldstæðið jafn fullt eins og í sumar. Það er kannski aðallega vegna þess að Íslendingarnir eru með töluvert stærri græjur heldur en ferðamennirnir. (H5)

Mikið var að gera á veitingastöðunum sem aftur voru orðnir fullir af fólki. Talað var um að sum ferðþjónustufyrirtæki hefðu lækkað verð um sumarið í von um að glæða viðskiptin. Enginn hafði búist við því að það yrði jafn mikið að gera og raunin varð.

Það var ákveðin sprenging. Veitingahúsin fengu alveg vel að finna fyrir því að allt í einu var allt fullt í einhverjar 4 vikur eða eitthvað, það er sumarfrístíminn hjá Íslendingum. Þá voru veitingahúsin að lenda í því að birgjarnir áttu ekki einu sinni vörur, þau voru að lenda í hráefnisskortri og voru í vandræðum með það. Ég held að það hafi enginn átt von á því að Íslendingar myndu taka svona rosalega vel við sér og allir færu út að borða og eitthvað. Það bjóst enginn við þessu. (H7)

Þeir á veitingastöðunum sögðu að þetta var frábært sumar og það sem er svo gaman við Íslendingana og er ánægjulegt fyrir veitingafólkið. (H10)

Það var bara eins og bara bestu sumur sem maður hefur haft þessar 4 vikur. Að vísu lækkuðum við okkar verð eins og við gátum. Við fórum með allt niður, bara ná einhverju í gegn og fá inn fyrir launum. (H4)



Mynd 7 Hlutfall þeirra sem fannst íslenskir ferðamenn vera meira áberandi - allir staðir

Í viðtölunum kom fram að þó svo mikið hafi verið um að vera í tengslum við innlenda ferðamenn þá hafi þeir ekki getað fyllt í skarðið. Þrátt fyrir það hafi sumir leyft sér að vona að bjartari tíð væri framundan.

Ég myndi ekki segja að þetta hafi ekki verið neitt í námunda við það sem hafði verið áður. Það dró upp brasið einstaka sinnum að fólk gat horft til þess að kannski fáum við eitthvert hlutfall af þessu í haust aftur þegar sumarið er búið, við siglum áfram burt frá veirunni og að þetta yrði kannski gott um áramótin eða vorið. Það var bjartara yfir fólki. (H1)

Sumarið gaf vonir um að lífið væri að glæðast í ferðþjónustunni á ný. Þegar þriðja bylgja faraldursins reið yfir var stutt í að íshellatímabil vetrarins hæfist og ljóst var að strangar samkomutakmarkanir myndu takmarka bæði ferðalög og starfsemi fyrirtækja að nýju líkt og gerst hafði um vorið.

Áhrif á ferðþjónustu og aðra þjónustu

Í símakönnun sögðust 46% svarenda á Höfn hafa fundið fyrir skertri þjónustu í heimabyggðinni vegna fækkunar ferðamanna (mynd 8) og var hlutfall íbúa sem svo sagði bara hærra í Mývatnssveit. Á Höfn var marktækur munur milli kynjanna og eftir því hvort svarendur störfuðu í ferðþjónustu. Karlar og einstaklingar sem störfuðu í ferðþjónustu voru líklegastir til að finna fyrir skertri þjónustu.

Allir viðmælendurnir á Höfn höfðu fundið fyrir breytingum í þjónustu í faraldrinum. Í fyrstu bylgju um vorið 2020 hafði þjónusta hefði dregist saman til viðbótar við þær lokanir sem komu til vegna samkomutakmarkana. Sumir lýstu því að ferðþjónustufyrirtæki sem störfuðu frá höfuðborgarsvæðinu hefðu hætt að koma með ferðamenn á Hornafjörð. Sum fyrirtæki sem höfðu aðsetur á svæðinu hafi reynt að hafa opið fyrir þá fáu ferðamenn sem kynnu að koma. Engum duldust að mörgum fyrirtækjum hefði verið lokað og að það hafi gerst nokkuð hratt.


Ég upplifði að þeir sem voru með minni einingu náðu lengur að vera að með ákveðna þjónustu. Þeir voru ekki með það mikla starfsmannaveltu eða starfsmenn. Utanaðkomandi aðilar drógu sig strax tilbaka. [...] Þau fyrirtæki sem drógu sig hratt saman voru stærstu fyrirtækin, eðlilega, bara góð stjórnun á því. Þeir eru fagmenn og eru ekki að halda úti húsnæði og starfsmönnum og tækjakosti fyrir ekki neitt. En þeir sem hafa verið með minni einingar hafa verið að kroppa, getum við sagt. (H6)

Það er búið að loka mjög mikið af þjónustufyrirtækjum eins og veitingastöðum. Margir gististaðir hafa lokað. (H3)

Eins og ég man þetta þá var eins og það hefði verið skrúfað fyrir krana. Í kjölfarið fer að draga úr opnunartímum. (H8)

Sumir viðmælendur tóku eftir því að ferðþjónustufyrirtækin skiptust í tvo hópa; annars vegar fyrirtækin sem myndu áfram vera í dvala, hins vegar þau sem höfðu eigendur sem brettu upp ermar og leituðu að nýjum tækifærum á heimamarkaðnum Höfn og á innanlandsmarkaði.

Ég upplifði það svolítið mikið að það var hluti ferðþjónustunnar sem bara: „Ókei, við finnum okkur bara eitthvað annað að gera“. [...] Þegar maður að fyrirtæki spyrna við fótunum og breyta bara einhverju þá sá maður að auðvitað geta allir gert þetta. Það geta allir fundið sér eitthvað annað, það geta allir á þessu tímabili bara aðeins breytt. En það voru mörg fyrirtæki sem bara gerðu það ekki, sem bara héldu áfram og bara:



Mynd 8 Íbúar sem fundu fyrir skertri þjónustu vegna fækkunar ferðamanna - allir staðir

„Neibb, fyrst ég get ekki farið með mína túrista þá bara get ég ekki gert neitt“, settist niður í eitthvað volæði og vildu bara að allir myndu koma að bjarga þeim. (H9)

Ég held kannski að þetta hafi þjappað ferðþjónustuaðilunum meira saman. Þeir sem vinna við það hafi þurft að fara að hugsa aðeins í nýjum lausnum, hvernig þeir gætu byggt undir sinn rekstur og leita nýrra aleiða til að finna tekjur. (H5)

Fyrirtækin sem spyrntu við reyndu að aðlaga þjónustu sína að takmörkunum hverju sinni eða fundu nýjar leiðir. Mikil ánægja var með veitingastaði á Höfn sem brugðust við breyttum aðstæðum.

Maður sér það mest á veitingahúsum. Þau þurftu eiginlega að loka á tímabili. Þau sem hafa kannski verið opin allan daginn alla daga hafa bara getað verið með opið smá í hádeginu og kannski aftur á kvöldin. Fólk er að gera alls konar til að reyna að trekkja heimamenn meira að. Það eru alls konar tilboð í gangi og poppa upp einhver þemu og einhver tilbreyting. (H7)

Við fórum að nota þessa veitingastaði sem voru opnir. Þetta samfélag sem er hérna núna er miklu meira til í að fara út að borða sem var ekkert áður. Eftir að erlendir ferðamenn hættu að koma þá hafja verið um hverja helgi einhverjar uppákomur hjá veitingastöðum sem hafa búið til sérstaka viðburði. (H4)

Allt í einu eru veitingastaðirnir að brydda upp á alls konar nýjungum, vera með þematengt. (H8)

Fleiri fyrirtæki bættust í hóp þeirra sem fundu nýjar leiðir til að lifa faraldurinn af.

Svo sér maður líka einhverja afþreyingaraðila sem eru að reyna að bjóða upp á eitthvað annað og eru komnir með hugmyndir um að það sé allt í lagi að gefa Hornfirðingum eða vinum eða vandamönnum íshellaferðir í jólagjöf. Maður sér alveg að einhverjir eru að reyna. (H3)

Það var til dæmis boðið upp á skíðanámskeið uppi á jökli í vor sem hefur aldrei verið áður. Það var af því að hjá því fyrirtæki var fólk að vinna sem voru vanir skíðakennarar og sáu um það. Þau skelltu sér í að prófa. (H7)

Annað fyrirtæki, það kom enginn í ferðir hjá þeim, þau ákváðu að bjóða upp á námskeið fyrir aðra ferðaþjónustuaðila og leiðsögumenn. Það voru mörg fyrirtæki sem fundu sér eitthvað nýtt að gera. Það voru margir sem ráku sig á það að þau voru ekki markaðssett fyrir Íslendinga. Þau voru bara markaðssett fyrir útlendinga, áttu allt sitt markaðsefni og heimasíður og bæklinga á ensku og gátu bara illa tekið á móti Íslendingum. Margir fóru að skoða hvernig þeir gætu náð Íslendingunum og fundu nýjar leiðir. [...] Eitt fyrirtæki fór að bjóða upp á sérhæfðar gönguferðir. [...] Annað fyrirtæki breytti sínum ferðum og fór að bjóða upp á trússferðir í Lónsöræfi fyrir Íslendinga til dæmis. (H9)

Dæmin voru fjölmörg. Viðmælendur lýstu aðdáun sinni og ánægju með nýsköpunarhugsunina og sögðust vera reiðubúnir að taka þátt og styðja við fyrirtæki sem lögðu allt kapp á að þrauka gegnum faraldurinn. Almennt væri samstaða í bænum að styðja við ferðaþjónustufyrirtækin með viðskiptum.

Mér finnst allir ógeðslega seigir að bjarga sér. Mér finnst enginn vera að leggja árar í bát. Það bara finnur á einhverju nýju. (H8)

Það er búið að bjóða okkur tilboð til að fara að skoða íshella og fara á Jökulsárlón. Vinkona mín er frá Höfn, hún hefur aldrei farið neitt svona. Ég sé tækifæri núna í þessum lækkuðu verðum fyrir okkur sem langar að fara og skoða og fyrir fyrirtækin svo þau geti lifað af. (H2)


Mér finnst mikil samstaða á Höfn um að versla við veitingastaðina. Sama gildir um afþreyingarferðirnar. [...] Það eru rosa margir hér á Höfn sem hafa til dæmis aldrei farið í íshelli. Ég held að ef fólk fer þá skilur það af hverju þetta er svona vinsælt. Við erum með jökulinn fyrir augunum á hverjum einasta degi og maður er stundum eitthvað: „Af hverju er eitthvað að gera sér ferð hingað til að fara á jökul?“ En þegar fólk er búið að fara í íshelli eða í jöklagönguna eða á kajakinn þá skilur það kannski af hverju fólk er að sækjast í þetta. (H9)

Viðmælendur vonuðu að þessi viðleitni fyrirtækja til að höfða til íbúanna með nýjum eða breyttum vörum væri komin til að vera.

Ég vona að þessi þjónusta fyrir Íslendinga sem við erum búin að sjá í sumar sé komin til þess að vera, en við gleymumst ekki bara þegar ferðamennirnir koma aftur. Ég held að þessi fyrirtæki, allavega þau sem ég hef heyrt af hér, séu komin til þess að vera. Ég vona það. (H9)


FRAMTÍÐ OG ENDURREISN FERÐAÞJÓNUSTUNNAR

Á öllum stöðunum fjórum kom skýrt fram að íbúar töldu að kórónuveirufaraldurinn hefði undirstrikað mikilvægi ferðaþjónustu fyrir atvinnulífið í heimabyggð. Á Höfn voru 96% á þessari skoðun. Enginn marktækur munur var á svörum Mývatn, íbúa í 101 Reykjavík (91%) og íbúa í Mývatnssveit (96%) en hlutfall Ísfirðinga á þessari skoðun var marktækt lægra (84%). Íbúar á Höfn voru ekki í neinum vafa um að það væri mikilvægt fyrir heimabyggðina að ferðaþjónustan myndi ná fyrri styrk að faraldrinum loknum, voru 98% svarenda á Höfn á þeirri skoðun. Marktækur munur var á milli rannsóknastaðanna fjögurra eftir því hvernig íbúar mátu mikilvægi ferðaþjónustu fyrir atvinnulíf og væntingar um að ferðaþjónustan í heimabyggðinni nái aftur fyrri styrk (mynd 9). Á öllum svæðunum var jákvætt samband milli þessara tveggja atriða.




Mynd 9 Mat íbúa á mikilvægi ferðaþjónustunnar fyrir atvinnulíf og á mikilvægi þess að ferðaþjónusta nái fyrri styrk. Samanburður á meðaltölum svara á stöðunum fjórum (1=mjög lítilvægt; 5=mjög mikilvægt)

Mikilvægi ferðaþjónustunnar í heimabyggðinni var rætt í viðtölunum frá mörgum hliðum eins og tíundað hefur verið hér að framan. Á öllum stöðunum fjórum var mikill stuðningur meðal íbúa við aðgerðir stjórnvalda til varnar ferðaþjónustu og við takmarkanir á landamærum til að sporna við útbreiðslu á COVID-19 (myndir 10-11).



Mynd 10 Viðhorf íbúa til mótvægisáðgerða stjórnvalda til stuðnings ferðaþjónustu - allir staðir



Mynd 11 Viðhorf íbúa til takmarkana stjórnvalda á landamærum - allir staðir

Viðmælendur á Höfn vonuðu að staða ferðapjónustunnar á svæðinu myndi glæðast þegar bólusetning yrði útbreidd. Eining var um að ástandið væri tímabundið og að aðdráttarafl svæðisins væri það sterkt að ferðamenn myndu halda áfram að koma um leið og þeir gætu.

Mér finnst eins og margir bíði eftir að geta losnað úr þessu. Það er mín tilfinning að ferðapjónustuaðilar séu bara í sömu sporum og bíði eftir að það komi bóluefni og það fari eitthvað að snúast aftur. (H3)

Ég held að ferðapjónustan verði fljót að jafna sig þegar þetta fer af stað aftur. Það er fullt af fólki sem bíður í startholunum eftir að ferðamenn komi aftur. (H6)

Ég er handviss um að þetta sé bara tímabundið. Við erum svo einstaklega heppin hér á Hornafirði að vera með Vatnajökulsþjóðgarð þannig að ég held að þetta sé algjörlega tímabundið hér. (H11)

Ferðapjónustufyrirtækin höfðu sýnt í faraldrinum að þau ætluðu sér að þrauka og var bent á að hjálparpakkar stjórnvalda hefðu mögulega rennt stoðum undir nýsköpunina. Talað var um að sjálfsbjargarviðleitnin væri innbyggð í menninguna á Hornafirði. Einnig hefði annað atvinnulíf á Höfn staðið styrkum fótum og það

myndi líka hjálpa til við að reisa ferðapjónustuna við. Á meðan íbúarnir væru tilbúnir að takast á við hlutina myndi samfélagið halda áfram og finna nýjar leiðir hvort sem það yrði í ferðapjónustu eða öðrum greinum.

Eitt af því sem einkennir þetta samfélag er að fólk íð herna er mjög mikið til í að bjarga sér sjálf. Það er ekki að bíða eftir að einhver annar komi og segi: „Gerðu þetta svona eða svona“, eða óskar þess að fá eitthvert stórt fyrirtæki, álver eða eitthvað til að koma inn í samfélagið og redda okkur. (H1)

Þetta samfélag er sannarlega allt öðruvísi heldur en áður en túristarnir komu og það er sannarlega allt öðruvísi núna. En einhvern veginn á heildina litið finnst mér við sem samfélag vera dálítið jákvæð og drifandi og finna bara upp á einhverju nýju ef við þurfum. (H8)

Höfn mun lifa af. Við höfum fullt af kúrekum og þessir kúrekar finna eitthvað gera. Höfn er svolítið sérstakt samfélag. Við erum vön því að standa svolítið ein, við erum eyja á landi. Á meðan sjávarútvegsfyrirtækið er í þeirri stjórn sem það er þá verður atvinna fyrir fólk. Það má ekki gleyma því að Höfn var með sérstöðu í kringum sjávarútveg og landbúnað. (H6)

Faraldurinn hafi mögulega orðið til þess að draga jákvæða þætti ferðapjónustunnar betur fram en áður; hvað íbúunum þótti best við hana.

Mannlífið, tækifærin og hvernig þetta styrkir mjög víða. (H10)

Þetta er atvinnuskapandi og það sem mér hefur fundist mjög gott er að sjá marga flytja hingað austur aftur og sjá hér framtíð. (H3)

Það sem mér finnst best eru öll þau tækifæri sem menn hafa en höfðu ekki áður. Þú getur þróað svo mikið af þínu draumalífi. Það eru stærstu gæðin í þessu finnst mér. (H4)

Ferðapjónustan gaf ákveðna viðsýrnu í byggðapróun. Hér fór fólk í sveitarfélaginu og í þorpinu fækkandi og þeirri þróun hefur verið snúið við. Það er ferðapjónustunni að þakka. (H5)

Í könnunum sem gerðar voru 2017 og 2019 hafa atvinnusköpun, -tækifæri, tekjur og fjölbreytileiki mannlífs staðið upp úr sem jákvæðustu þættir ferðapjónustu að mati Sunnlendinga. Í sömu könnunum kom fram að neikvæðustu þættirnir tengdust umferð, átroðningi, umgengni ferðamanna og vegakerfi. Vísuðu

Sunnlendingar til mikillar umferðar og vegakerfis sem annaði henni ekki, mikils fjölda ferðamanna og ágang á náttúru. Viðmælendur á Höfn tóku vissulega undir þessar áherslur og báru þessi atriði oft á góma í annarri umræðu í viðtölunum en þegar spurt var hvað væri neikvæðast við ferðaþjónustu voru einhverjir sem ekki sögðust ekki sjá neitt neikvætt og margir lögðu frekar áherslu á atriði sem megi betur fara.

Ég veit það ekki alveg. Þetta hefur alltaf verið eitthvað álag á íbúa svæðisins að vissu leyti en ég held að það sé eitthvað sem menn verða að taka og verði að lifa með. Ég held að það sé meira jákvætt sem kemur út úr þessu heldur en neikvætt. (H5)

Biðröðin í Nettó. Það eru þau áhrif. Menn komu áður og það var einn maður á klukkutíma sem kom að kaupa. Nú þurfa menn að vera í biðröðum. Það getur verið erfitt á álagstímum. Það er þá eitthvað svoleiðis sem menn setja fyrir sig. (H4)


Við höfum ekki náð að byggja okkur þannig upp að þetta sé vel grundaður atvinnurekstur. Þó það sé ekki alveg hægt að átta sig á því hversu ríkulega þá ber dálítið á gullgrafaraæði í tengslum við þetta, vegna þessa hraða vaxtar kannski. [...] Verðlagning á þjónustu er til dæmis í sumum tilfellum þannig að maður skammast sín. (H1)

Mér finnst neikvæðast þegar fólk gengur illa um og að geta ekki stoppað einhvers staðar fyrir utan bæinn og ætlað í göngutúr. Þú getur ekki sleppt hundinum af því að hann gæti verið kominn beint í næsta mannaskít. Eitthvað svona er rosa leiðinlegt. Reyndar hafa landverðirnir hérna hjá þjóðgarðinum farið þessar helstu gönguleiðir og eru að hreinsa upp. (H7)

Aukin áhersla á sjálfbærni

Um þrír af hverjum fjórum svarendum í símakönnun á Höfn vildu að við endurreisn ferðaþjónustunnar yrði lögð meiri áhersla á sjálfbærni en áður (mynd 12). Marktækur munur var milli mismunandi hópa eftir menntunarstigi og stöðu á vinnumarkaði; voru háskólamenntaðir og námsmenn marktækt líklegri en aðrir til að vilja auknar áherslu á sjálfbærni.

Í viðtölum við íbúa á Höfn kom fram að ferðaþjónusta ætti að byggja á sjálfbærni og stefna að auknum lífsgæðum og arðsemi íbúa. Í viðtölunum kom fram að



Mynd 12 Væntingar íbúa um sjálfbærni við endurreisn ferðaþjónustunnar - allir staðir

hugmyndin um sjálfbærni væri falleg og voru sumir viðmælendur á því að ferðaþjónustan hefði bætt lífsgæði í samfélaginu og aukið arðsemi íbúa á Höfn þótt margt mætti betur fara. Nokkrir viðmælendur vildu að betur yrði hugað að þörfum íbúa til að finna jafnvægi, einkum ef unnið yrði að því að fjölga ferðamönnum. Til þess þyrfti mögulega að efla samráð við íbúa. Auk þess kölluðu viðmælendur eftir langtímahugsun og að rekstur og skipulag ferðaþjónustu verði ekki bara hagnaðardrifin heldur einnig drifin af ábyrgð gagnvart samfélagi og umhverfi.

Þetta er fallett en ég er svolítið sammála því að þetta sé það sem hefur gerst hérna; að uppbygging ferðaþjónustu jók lífsgæði, snéri við ákveðinni íbúaþróun hérna, þannig að öll uppbygging er í raun og veru af hinu góða hvað þetta varðar. (H5)

Mér finnst þetta vera lykillinn að þessir hlutir séu í lagi og mér finnst þeir vera það þegar á heildina er litið í þessu samfélagi. Menn hafa fengið lífsgæði sem voru ekki til áður. [...] En það er alltaf eitthvað sem maður ræður ekki við, það er bara þannig í öllu samfélagi. (H4)

Ég held að allt hafi kosti og galla. Ég held að við myndum ekki hafa þetta úrval af veitingahúsum og alls konar þjónustu sem við hefðum kannski

ekki nema af því að við höfum ferðamenn. Á sama tíma erum við kannski svoltið búin að vera að drukkna í ferðamönnum og varla verið pláss fyrir okkur. Það þarf alltaf að finna eitthvað jafnvægi. (H7)

Ef við ætlum að auka hamingju og sátt um ferðapjónustuna þá þurfum að horfa aðeins nær og spyrja: Hvað er það sem við viljum? Ætlum við að tjalda til viku eða framtíðar? Ég held að stöðugleiki og yfirvegum séu lykilorð í ferðapjónustu. Að það fari ekki allt til helvítis ef það verður samdráttur. (H6)

Hugmyndir um stýringu og skipulag

Í viðtölunum var óskað eftir hugmyndum íbúa á Höfn um það hvernig þeir sæju fyrir sér ferðapjónustu í framtíðinni á svæðinu og hverju þeir myndu vilja breyta til að auka ánægju íbúa, fengju þeir að ráða. Fjögur meginstef komu fram í sýn Hornfirðinga um skipulag og stýringu ferðapjónustunnar: 1) Áhersla á umferðaröryggi, 2) Áhersla á ábyrga ferðapjónustu, 3) Áhersla á fjölbreyttari afþreyingu og 4) Ferðamenn framtíðarinnar

1. Áhersla á umferðaröryggi

Eins og fram hefur komið höfðu íbúar á Höfn fundið fyrir mikilli og þungri umferð, einkum á hringveginum. Margir viðmælendur töluðu um að aukin áhersla á umferðaröryggi ætti að vera forgangsmál í skipulagi og innviðauppgyggingu á svæðinu og voru sannfærðir um að úrbætur á því myndi auka ánægju íbúa á svæðinu.

Umferðaröryggið er stórmál. Við vælum yfir hinu og þessu en í enda dags, ef þú ert laskaður eða látinn eftir umferðarslys af því að kerfið býður ekki upp á að taka á móti ferðamönnum þá er það of hátt gjald. (H6)

Nauðsynlegt væri að takast á við álagið sem hefði verið á vegakerfinu og gera vegina öruggari svo þeir geti annað meiri og fjölbreyttari umferð. Viðmælendur voru á því að þótt unnið væri í úrbótum væri uppsöfnuð þörf svo mikil, það væri lífsspursmál að hraða framkvæmdum.

Ég held að það sé verið að gera töluvert eins og með því að eyða þessum einbreiðu brúm. Það er skref í rétta átt og held að það hjálpi mikið. En þetta er stærsta málið sem þarf að laga. (H5)

Einbreiðar brýr eiga ekki að þekkjast 2020. Stjórnmalamaður í dag myndi segja: „Ja, það er nú verið að vinna í því, sjáðu Steinavötn og sjáðu þetta og sjáðu hitt“. Ég segi bara: „Sorrí, það er bara rétt hjá þér en þetta er bara of seint. Það eru of margir búnir að farast“. Við eigum að stýra umferðinni betur. [...] Við þurfum að hætta að hugsa til fjögurra ára, við þurfum að hugsa til 100 ára. Við kunnum ekki að taka á móti fjölda. Þetta þarf að skipuleggja og tryggja það að fólk fari ekki héðan skaðað eða í poka. (H6)

2. Áhersla á ábyrga ferðapjónustu

Í viðtölunum var kallað eftir langtímahugsun í ferðapjónustu sem væri drifin af ábyrgð gagnvart nærsamfélagi, ferðamönnum og umhverfi. Vonast var til þess að fyrirtæki hefðu nýtt tímann í kórónuveirufaraldrinum til að skipuleggja starfsemina betur og til langstíma

Ég held að allir sem eru í þessu hafi endurhugað businessinn sinn einhvern veginn og skoða hvort það sé eitthvað sem er hægt að gera betur sem þeir gátu aldrei gert en höfðu tíma í núna. Ég held að þegar þetta fer af stað aftur þá verði þetta þroskaðri fyrirtæki. (H4)

Viðmælendur vildu að horfið yrði frá því sem þeir kölluðu færíbandaferðamennsku og tengdu gjarnan við ferðapjónustufyrirtæki sem störfuðu frá höfuðborgarsvæðinu og höfðu komið með erlenda ferðamenn í jökla- og íshellaferðir fyrir faraldurinn. Viðmælendur vildu að fjölskyldufyrirtækin á svæðinu fengju að starfa þar og að hvatt yrði til ábyrgðar í starfsháttum. Mikil áhersla var lögð á að fyrirtæki gangi ekki á náttúruna og að kjarninn í ferðapjónustunni verði gæði umfram magn og að spornað yrði við áður nefndu gullgrafaraæði. Talið var að persónulegri þjónusta, sem staðbundin, smærri fyrirtæki voru talin veita, höfðaði frekar til ferðamanna.

Ég vil breyta græðgisvæðingunni. Ég vil sjá vandaða ferðapjónustu. (H6)
Gullgrafaraæðið gengur ekki til lengdar. (H3)

Ég myndi ekki vilja þessa færíbandaferðamennsku aftur. Ég geri alveg greinarmun á fyrirtækjum í heimabyggð og fyrirtækjum sem eru í Reykjavík en gera bara út á ferðamennina hér. Þeir eru bara með færíband. [...] Ég vil ekki sjá þetta, mér finnst þetta ömurleg ferðamennska. Stór hluti af ferðinni er að keyra á svæðið og fá fræðsluna um svæðið. Það gerirðu ekki með bílstjóra sem er kannski bara að keyra og veit ekkert. (H9)

Mér finnst litlu fjölskyldufyrirtækin og minni einingarnar alltaf skemmtilegri og persónulegri og vera allt öðruvísi þjónusta. Við endum aftur með samlíkinguna við McDonalds og steikhús. Stóru fyrirtækin sem eru að fara með svona gríðarlegan fjölda og moka sér út á land á einhverja örfáa staði sem eru vinsælastir versus það að vera að kaupa af heimafólki á svæðinu og fá meiri persónulegri þjónustu. Þú ert að fá meiri upplýsingar og komast í meiri tengsl við samfélagið. Ég mundi vilja sjá okkur fara meira þangað. (H7)

Vonir voru bundnar við aðgerðir Vatnajökulsþjóðgarðs um gerð samninga um atvinnutengda starfsemi í þjóðgarðsins, þar á meðal ferðir í íshella og jöklagöngur. Vonast var til þess að takmarkanir og aðgangsstýring þjóðgarðsins yrði til þess að gæði og öryggi í ferðum og upplifun ferðamanna verði betri. Talið var að innleiðing samninga við rekstraraðila væri skref í rétta átt og bundu viðmælendur vonir um þarna væri kominn vísir að þeirri stýringu sem svo lengi hefði verið kallað eftir.

Fólk kannski sér þetta núna sem bara einhverjar óþarfar reglur og það sé verið að gera allt til að leggja stein í götu þessara fyrirtækja. En það er bara oft þannig þegar það er sett eitthvað nýtt. (H9)

Ég er í raun og veru sammála þessari sýn þjóðgarðsins. Það er ekkert gaman að skoða blóm ef það er búið að traðka það niður. Ef það fækkar þá missum við massann út og gæðabjónustan verður áfram. Ég á þá við fjóra í hóp í staðinn fyrir kannski 50. (H6)

Mér fannst það góð hugmynd að gera þetta þannig, passa að vera ekki að ofnota þetta og upplifunin eyðileggist ekki, deila þessu niður á fólk. Það skiptir máli að heimafólk hérna geti lifað af þessu. [...] Ef þetta virkar fyrir atvinnustarfseminu hér þá er það gott. Það er rétta aðferðin við þetta. En ef það verður einhver skekkja í þessu að þessi massafyrirtæki sem eru í þessum flutningum og sem hafa ekkert með samfélagið að gera, mér þætti það mjög leiðinlegt ef það myndi þróast þannig. Þetta á að vera meira í höndunum á heimamönnum. (H4)

Viðmælendur kölluðu líka eftir meiri ábyrgð og samstöðu um uppbyggingu áfangastaða á svæðinu. Kallað var eftir langtímahugsun við skipulagningu innviða og uppbyggingu áfangastaða sem þyrftu að byggjast upp með þjónustu við ferðamenn og þarfir þeirra að leiðarljósi og til verndar náttúru og umhverfi.

En ef ég ætti að nefna eitthvað þá væri það að byggja upp við staði þar sem menn eru að stoppa oft á við þjóðveginn og annars staðar. Innviðauppbygging væri mjög mikilvægur partur af þessu líka. (H1)

Ég vil að ferðabjónustan sé byggð þannig að hún geti tekið á móti fólki. Ég vil sjá þjónustukjarna á vel völdum stöðum. Ég vil sjá göngustíga. Ég vil sjá vel skipulögð og útfærð bifreiðastæði. Og síðast en ekki síst: Falleg salerni. Að bjóða fólki að koma og skoða náttúruna okkar sem við erum stolt af að henda því í einhverja gáma eða kamra til að létta á sér. Þarna ætla ég að leyfa mér að vera neikvæður fyrir hönd þessa fólks. Frekar geri ég í brækurnar heldur en að fara inn á þetta. Þetta er okkur ekki til sóma. (H6)

Ég vil bæta aðgengi að þessum náttúruperlum sem eru hérna á svæðinu með það í huga að bæta upplifun fólks af þjónustunni. Það er til dæmis hrikalegt að koma að Jökulsárlóni. Það þarf að gjörbreyta aðstöðunni þar. Fjöldinn sem sækir þangað er gigantískur ár hvert og aðstaðan þar er bara til háborinnar skammar og hefur verið alla tíð. (H10)

3. Áhersla á fjölbreyttari afþreyingu á Höfn

Í viðtölunum kom margoft fram að náttúran og Vatnajökulsþjóðgarður væru aðalaðráttarafi svæðisins. Viðmælendur voru á því að uppbygging ferðabjónustu á Höfn hafi í stórum dráttum tengst um gisti- og veitingastöðum en minni áhersla hafi verið á uppbyggingu afþreyingarmöguleika fyrir ferðamenn í bænum. Talað var um að skortur á afþreyingu á Höfn stæði ferðabjónustunni fyrir þrifum ef markmiðið væri að laða ferðamenn til Hafnar og lengja dvöl þeirra í bænum.

Ef fólk spyr hvað það getur gert í dag og maður er bara eitthvað: „Ertu búinn að fara í sund? Fórstu í Nettó?“ Það er ekkert annað. (H9)

Það vantar einhvern svona segul hingað. Náttúran er fín og flott og ofboðslega flott svæði hér. Við höfum norðurljósin og þessa flottu jökla og bara mjög flott landslag en það þarf líka eitthvað annað. (H3)

Það er voðalega lítt hvati til að stoppa herna annar en að gista og éta. Mér finnst vanta eitthvað fyrir túristana að gera hér á Höfn [...]. Það sem hefur vantað er að draga ferðamanninn frá Jökulsárlóninu og aðeins austar. (H5)

Hér í sýslunni eru íshellaferðir, gönguferðir, kajakferðir, það er svolítið um afþreyingu í sýslunni en það er allt náttúrutengt. Það vanar eitthvað í þéttbýliskjarnanum Höfn, einhverja upplifun í þéttbýlinu. (H10)

Sumir töluðu um að skortur væri á almennri verslun á Höfn eða afþreyingu sem yrði til þess að bæta félagslíf íbúa. Nokkur eftirsjá var eftir jöklasafni sem lokaði fyrir fáum árum og töldu viðmælendur að brýn þörf væri á að setja það upp aftur. Talið var að Höfn væri einkar viðeigandi staður fyrir jöklasýningu eða -safn sem m.a. sýndi áhrif loftslagsbreytinga og legði áherslu á samspil manns og jökuls.


Við erum með jökulinn og þetta glæsilega útsýni herna. Það vantar jöklasýningu. Það vantar eitthvað til að eyða tímanum hér á Höfn. Við vorum með jöklasýningu herna en hún var lögð niður, það vantar einhverja svona geggjáð flotta sýningu sem er aðdráttarafli bæjarins. (H9)

Ég mundi vilja sjá jöklasafnið sem var herna sem var algerlega frábært. Ég hef aldrei skilið af hverju það var lagt niður. (H10)

Við vorum einu sinni með jöklasafn. [... Það var steinasafn hér einu sinni og það er einhver visir að steinasafni en það vantar meiri afþreyingu annað heldur en bara náttúruna. (H3)

4. Ferðamenn framtíðarinnar

Enginn vafi lék á því að ferðamenn myndu koma aftur þegar ferðatakmörkunum yrði aflétt í heiminum. Þrír af hverjum fjórum svarendum á Höfn sögðust hlakka til að fá erlenda ferðamenn aftur í heimabyggðina (mynd 13) og jókst tilhlökkunin marktækt með hækkandi aldri svaranda eða ef svarendur störfuðu í ferðapjónustu. Allir viðmælendur voru sannfærðir um að ferðamenn myndu skila sér til Hornafjarðar um leið og aðstæður til ferðalaga í heiminum yrðu einfaldari. Flestir hlökkudu til og vildu helst að ferðamenn kæmu aftur sem fyrst. Aðrir vildu hafa vaðið fyrir neðan sig og vonuðu að ferðapjónustan yrði reiðubúin til að taka á móti ferðamönnum svo sómi sé af.



Mynd 13 Hlutfall svarenda sem hlakka til að fá erlenda ferðamenn aftur - allir staðir

Ég er bara tilbúinn að taka á móti þeim þegar þeir vilja koma að svo miklu leyti sem ég tek þátt í því. Því fyrr því betra. En við þurfum að vera tilbúnari heldur en við vorum með hvernig við búum að því fólki sem er að koma til okkar. Þá er ég að tala um ferðapjónustuna. (H1)

Sumir veltu því fyrir sér hver staða Íslands verði í ferðamálum þegar landið verði svo til laust við COVID-19, öruggur áfangastaður. Það gæti orðið til að vekja athygli á landinu og laða ferðamenn til landsins. Sumir vonuðu að ferðamennskan færi hægt af stað og að ferðamenn myndu ekki flykkjast til landsins hraðar en ferðapjónustan myndi ráða við. Aðrir höfðu ekki áhyggjur af þessu.

Ég held að það muni áfram koma ferðamenn og það verður allt komið á milljón, áður en við vitum af. Það verður bara nóg að gera og líf og fjör. Það er miklu skemmtilegra. (H11)

Ég hugsa að fólk í framtíðinni fyrst um sinn muni forðast að ferðast til mannmarga staða. Ég held að það sé eitthvað sem við höfum, við höfum víðáttuna. Það eru tækifæri í sveitarfélaginu og til Íslands í raun og veru yfir höfuð. Ég held að það séu stærstu tækifærin í ferðapjónustunni að það sé auglýst að menn hafa í raun og veru eitthvað olnbogarámi. (H5)

Ég held að við ættum að flýta okkur hægt. Þetta á sjálfsagt ekki eftir að hellast í gang. Ég ímynda mér að það taki smá tíma fyrir hjólin að fara að snúast aftur. Svo getur verið að þetta verði allt öðruvísi, um leið og landið opnast þá bara mokist fólk hingað inn og við verðum ekkert viðbúin og allt fari í klessu. (H7)

Ég hef engar áhyggjur. Ég hef ekki trú á því að fólk fari að ferðast eitthvað minna. (H8)


Rúmlega helmingur svarenda símakönnunarinnar á Höfn vildu fá færri erlenda ferðamenn á svæðið heldur en fyrir kórónuveirufaraldurinn (mynd 14). Karlar voru marktækt líklegri en konur á Höfn til að vilja fá fleiri erlenda ferðamenn. Aftur á móti kom fram í símakönnuninni að meirihluti svaranda á Höfn var á því að pláss væri fyrir fleiri ferðamenn á veturna, fleiri Íslendinga og hópferðamenn.

Í viðtölunum kom fram að vetrarferðamennskan hefði reynst ferðapjónustunni á Hornafirði mikilvæg og að þörf væri að styrkja undirstöður hennar. Í viðtölunum komu þó ekki fram miklar áhyggjur af fjölgun ferðamanna og var frekar varað við því að ferðapjónustufyrirtækin einblíni um of á fjölda. Í örfáum viðtölum var talað um að leggja ætti áherslu á að fá efnameiri ferðamenn til svæðisins sem væri líklegt að gæfu góðar tekjur. Almennt töldu viðmælendur æskilegra að fá sem fjölbreyttastan hóp ferðamanna til Hafnar og að ekki væri þörf á því að stýra því sérstaklega hverjir koma og með hvaða hætti.

Mér finnst bara allir hafi sama rétt, við eigum ekkert að vera að loka á einhverja. Það er helst ef það væru einhverjir misjafnir maðkar en annars er mér eiginlega alveg sama ef fólk er að koma á sínum forsendum. (H3)

Ferðamennirnir eru svo misjafnir en maður stýrir því ekki hverjir koma. (H4)

Ég held að við viljum fá áfram alla flórana helst og fólk hafi val um verðflokkna í gístistöðum. (H7)




Mynd 14 Afstaða íbúa á Höfn til fjölda ferðamanna að loknum heimsfaraldri

Það fer stundum í taugarnar á mér þegar menn segja að við viljum bara ríka ferðamenn sem eyða miklu á stuttum tíma. Mér finnst nánast verið að segja: „komdu með peninginn og farðu svo“. Ef fólk hugsar á þessum nótum þá erum við í gullgrafaragírnum. Slíkur grunnur í samfélaginu getur aldrei verið góður. Ég vil bjóða alla velkomna sem hafa áhuga á að heimsækja okkur, burt séð frá því hvort þeir eru ríkir eða fátækir eða geta eytt miklu eða litlu. En að það verður tenging á milli, að okkur finnst gaman að taka á móti gestum og að við viljum sýna stolt það sem við stöndum fyrir og það sem við búum við. (H1)

Í símakönnun kom fram eindreginn vilji íbúa á öllum rannsóknastöðunum fjórum fyrir því að íslensk stjórnvöld haldi áfram að hvetja Íslendinga til þess að ferðast um eigið land (mynd 15). Almennt var litið á stuðning stjórnvalda við ferðaþjónustuna jákvæðum augum, þar á meðal hvatningu stjórnvalda til ferðalaga innanlands.


Tæp 60% svarenda á Höfn voru á því að þörf væri á áframhaldandi markaðssetningu heimabyggðarinnar til að laða að fleiri ferðamenn (mynd 16). Hlutfall þeirra sem svo sagði var langhæst á Ísafirði en lægst í 101 Reykjavík. Marktækur munur var á svörum kynjanna á Höfn og voru karlar líklegri en konur til að vera fylgjandi frekari markaðssetningu. Viðmælendur á Höfn voru þó yfirleitt ekki á því að efla þyrfti markaðssetningu svæðisins sérstaklega og sumir vildu jafnvel meina að markaðssetning væri óþörf þar sem náttúruöflin hefðu séð ferðaþjónustunni fyrir kynningu sem væri nógu öflug til að vekja athygli og laða ferðamenn til landsins.



Mynd 15 Hlutfall íbúa sem taldi mikilvægt að stjórnvöld haldi áfram að hvetja Íslendinga til að ferðast um eigið land

Viðhorf íbúa til ferðamanna og ferðaþjónustu eftir COVID-19

Til að kanna nánar viðhorf íbúa til ferðamanna og ferðaþjónustu í heimabyggðinni eftir að kórónuveirufaraldrinum lýkur var gerð sameiginleg þátta- og aðhvarfsgreining á gögnum símakönnunarinnar á öllum rannsóknastöðunum fjórum; þ.e. 101-Reykjavík, Mývatni, Höfn og Ísafirði. Spurningar sem voru í formi fullyrðinga og mældu viðhorf einstaklinga til ferðaþjónustu og ferðamanna í heimabyggð eftir COVID-19 lýkur voru þáttagreindar. Fullyrðingarnar voru allar á 5-punkta viðhorfskvarða þar sem gildið 1 táknaði mjög ósammála og gildið 5 táknaði mjög sammála. Til að kanna hvort forsendur væru fyrir þáttagreiningu var gert KMO-próf sem gaf niðurstöðuna 0,812. Fylgni var mæld með Bartlett's-prófi, p-gildi var 0,000 og var hún marktæk; því voru forsendur til staðar fyrir þáttagreiningu. Dregnir voru út 2 þættir sem höfðu eigið gildi yfir einum og skýrðu þessir þættir 58,3% af heildardreifingu svara. Notaður var hornréttur snúningur (Varimax with Kaiser Normalization). Í fyrri þáttinn hlóðust spurningar um viðhorf svarenda til fjölda ferðamanna að faraldrinum loknum. Í seinni þáttinn hlóðust



Mynd 16 Viðhorf íbúa til áframhaldandi markaðssetningar heimabyggðar til að laða að fleiri ferðamenn - allir staðir

spurningar um viðhorf til mikilvægis ferðapjónustunnar. Í töflu 4 má sjá þær spurningar sem hlóðust á þættina og þáttahleðslur þeirra (e. *factor loadings*).

Tafla 4 Þættir og þáttahleðslur

Þættir		
Staðan eftir COVID-19	Viðhorf til fjölda ferðamanna	Viðhorf til mikilvægis ferðapjónustu
Ég hlakka til að fá erlenda ferðamenn aftur í mína heimabyggð	0,383	
Mín heimabyggð þarf að halda áfram að markaðssetja sig til að laða að fleiri ferðamenn	0,745	
Ég vil sjá fleiri erlenda ferðamenn hér heldur en fyrir faraldurinn	0,731	
Ég vil sjá fleiri innlenda ferðamenn hér heldur en fyrir faraldurinn	0,662	
Það væri æskilegt að fá fleiri ferðamenn hingað á veturna	0,573	
COVID-19-faraldurinn hefur sýnt hversu mikilvæg ferðapjónustan er fyrir atvinnulífið hér á svæðinu		0,816
Það er mikilvægt fyrir mína heimabyggð að ferðapjónustan nái fyrri styrk		0,742

Tafla 5 sýnir alfastuðla þáttanna en stuðullinn gefur til kynna hvert samræmið sé á milli svara einstaklinga við spurningunum í hvorum þætti.

Tafla 5 Alfastuðlar þáttanna

Þáttur	Alfastuðull
Viðhorf til fjölda ferðamanna	0,736
Viðhorf til mikilvægis ferðapjónustu	0,605

Út frá þessum þáttum voru útbúnir mælikvarðar á grundvelli þáttanna. Þetta var gert með því að leggja saman spurningarnar sem hlóðust á hvern þátt og deila með fjölda þeirra. Mælikvarðarnir voru á bilinu 1-5 þar sem 1 táknaði þá sem höfðu mjög neikvæð viðhorf og 5 táknaði þá sem höfðu mjög jákvæð viðhorf. Tafla 6 sýnir lýsandi tölfræði fyrir þættina.

Tafla 6 Lýsandi tölfræði fyrir þættina

Þáttur	Fjöldi	Lægsta gildi	Hæsta gildi	Meðaltal	Staðalfrávik
Viðhorf til fjölda ferðamanna	1166	1	5	3,717	0,779
Viðhorf til mikilvægis ferðapjónustu	1213	1	5	4,472	0,691

Meðaltal fyrir viðhorf til mikilvægis ferðapjónustunnar var nokkuð hátt og sýnir jákvæð viðhorf íbúa á stöðunum fjórum til mikilvægis ferðapjónustu að loknum heimsfaraldri. Meðaltal fyrir viðhorf íbúa til fjölda ferðamanna eftir COVID-19 var 3,7 sem einnig sýnir jákvæð viðhorf íbúa. Niðurstöðurnar sýna þó að íbúarnir voru jákvæðari gagnvart mikilvægi ferðapjónustu í heimabyggðinni en til fjölda ferðamanna eftir COVID-19.

Til að meta tengsl milli bakgrunnsþátta og viðhorfa íbúa þegar öðrum breytum var haldið stöðugum var gerð línuleg aðhvarfsgreining á hverjum stað fyrir sig. Kannað var hvaða tengsl væru milli tiltekinna breyta á áhrifum á þættina þegar tekið var tillit til kyns, menntunar, aldurs, búsetu, lengd búsetu, stöðu á vinnumarkaði og hvort þeir störfuðu í ferðapjónustu. Í töflu 7 má sjá niðurstöður aðhvarfsgreiningarinnar fyrir Höfn á viðhorfum íbúa til fjölda ferðamanna og

mikilvægis ferðaþjónustu eftir COVID-19 en engin tengsl fundust milli kyns, menntunar, aldurs, lengd búsetu og stöðu á vinnumarkaði.

Í greiningunni fékk viðmiðunarhópurinn gildið 0 og var ANOVA-próf notað til að meta marktæk áhrif. Í töflunni má sjá að munur var á svörum viðmiðunarhópanna á Höfn. Íbúar á Höfn voru að jafnaði með herra meðaltal en íbúar í 101 Reykjavík á kvarða yfir viðhorf til fjölda ferðamanna. Það þýðir að íbúar á Höfn voru jákvæðari í viðhorfum til fjölda ferðamanna eftir COVID-19 en íbúar í miðborg Reykjavíkur en neikvæðari en Ísfirðingar. Enginn marktækur munur var á viðhorfum Mývetninga, og íbúa á Höfn til fjölda ferðamanna eftir COVID-19. Meðaltal Ísfirðinga og íbúa í 101 Reykjavík á kvarða yfir viðhorf til mikilvægis ferðaþjónustu eftir COVID-19 var tiltölulega hátt en var þó marktækt herra hjá íbúum Hafnar og við Mývatn. Það þýðir að viðhorf íbúa við Mývatn og á Höfn til mikilvægis ferðaþjónustu eftir COVID-19 voru marktækt jákvæðari en íbúa á Ísafirði og í 101 Reykjavík. Á Höfn var enginn munur á viðhorfum til fjölda ferðamanna og mikilvægis ferðaþjónustu eftir COVID-19 eftir því hvort svarendur störfuðu við ferðaþjónustu eða ekki.

Tafla 7 Niðurstöður aðhvarfsgreiningar á þáttum um endurreisn ferðaþjónustunnar á Höfn

Viðhorf íbúa til ferðamanna og ferðaþjónustu eftir COVID-19*		
	Viðhorf til fjölda ferðamanna	Viðhorf til mikilvægis ferðaþjónustu
Búseta (Höfn=0)	3,681	4,669
101 Reykjavík	-0,251**	-0,340**
Ísafjörður	0,376**	-0,284**
Mývatn	-0,001	-0,018
Starfar ekki í ferðaþjónustu (Höfn.)=0	3,625	4,637
Starfar í ferðaþjónustu (Höfn)	0,218	0,132
*Kvarði frá 1-5; 1=mjög neikvæð viðhorf; 5=mjög jákvæð viðhorf		
**p>0,005		

SAMANTEKT

Fyrir kórónuveirufaraldurinn var ferðapjónusta á Höfn orðin öflug atvinnugrein allt árið um kring. Vetrarferðapjónustan blómstraði í kringum afþreyingu og ferðir við jöklana. Að mestu heyrði það sögunni til að ferðapjónustufyrirtæki lokuðu hluta úr ári. Íbúar á Höfn voru almennt á því að ferðapjónustan sé mjög mikilvæg fyrir samfélagið og ánægja með ferðapjónustuna var mikil. Þrátt fyrir það var ýmislegt sem tengdist ferðapjónustunni sem íbúar töldu að þarfnaðist betri úrlausnar. Stærstu vandamálin tengdust umferðaröryggi á svæðinu, álagi í einu matvöruverslun bæjarins og „gullgrafaraæði“, sem viðmælendur lýstu í tengslum við hraða, hagnaðardrifna uppbyggingu fyrirtækja sem hafi haft neikvæðar afleiðingar.

Þegar kórónuveirufaraldurinn hófst stóð tímabil íshellaferðanna sem hæst. Fyrst um sinn voru íbúar á Höfn vongóðir um að faraldurinn yrði skammvinnur. En ferðamönnum fækkaði hratt og smám saman varð verkefnaskortur ferðapjónustufyrirtækjanna sýnilegur í bænum þegar númerslausum farartækjum, sem áður voru notuð í ferðapjónustu, var lagt. Lifið, sem hafði einkennt bæinn árin á undan, lagðist í dvala.

Fækkun ferðamanna í bænum hafði mismunandi áhrif á íbúa. Sumir lýstu því að í faraldrinum hefðu þeir fyrst áttað sig á álagi þegar ferðamennirnir voru farnir. Sumir söknuðu ferðamanna og lífsins sem fylgdi þeim. Enn aðrir voru fegnir að fá hvíld frá ferðamönnum. Símakönnun leiddi í ljós að meirihluta svarenda á Höfn fannst bærinn vera dauflegri og að neikvætt væri að erlendum ferðamönnum hefði fækkað.

Einn af hverjum þremur íbúum á Höfn taldi COVID-19-faraldurinn hafa haft neikvæð áhrif á tekjur sínar eða fjölskyldunnar. Þeir viðmælendur sem höfðu verið í ferðapjónustu misstu þó vinnuna eða urðu fyrir tekjufalli í faraldrinum. Flestir þekktu einhverja sem höfðu verið í ferðapjónustu og misst vinnuna. Aðhvarfsgreining sýndi að áhrif faraldursins á tekjur einstaklinga sem störfuðu í ferðapjónustu voru neikvæðari en á tekjur einstaklinga í öðrum atvinnugreinum. Líklegt þótti að faraldurinn hafi haft meiri áhrif á atvinnuöryggi í ferðapjónustu en

í öðrum atvinnugreinum á Höfn. Staða fólks af erlendum uppruna var talin vera veikari en annarra hópa í samfélaginu og gæti það átt erfitt uppdráttar í atvinnuleysinu. Að öðru leyti virtist viðmælendum að atvinnuleysi hafi ekki haft mikil áhrif á stöðugleika í samfélaginu. Talið var að margir hefðu lagt sín ferðapjónustufyrirtæki til hliðar og fljótlega horfið til annarra starfa eða til þeirra starfa sem þeir voru í áður en þeir fóru í ferðapjónustuna. Viðmælendur voru sannfærðir um að þessi hópur myndi fara aftur í ferðapjónustu um leið og færi gefst.

Tæplega helmingur svarenda símakönnunarinnar hafði fundið fyrir skertri þjónustu í heimabyggðinni vegna fækkunar ferðamanna. Í viðtölunum lýstu íbúar á Höfn því að fyrst um sinn hafi mörg fyrirtæki dregið saman seglin en að endingu hafi fyrirtæki spyrrt við, fundið nýjar leiðir til að lifa af og halda í mannauðinn. Viðspyrnan vakti bjartsýni meðal íbúa. Mikil ánægja var með veitingastaði á Höfn og afþreyingarfyrirtæki sem lögðu sig fram við að höfða til íbúa. Viðmælendur dáðust að sjálfsbjargarviðleitni fyrirtækjanna og voru reiðubúnir að styðja við þau fyrirtæki sem sköpuðu sér ný tækifæri og lögðu allt kapp á að þrauka.

Íbúar á Höfn voru ekki neinum vafa um að kórónuveirufaraldurinn hefði undirstrikað mikilvægi ferðapjónustu fyrir atvinnulífið á svæðinu. Nær allir, eða 98% íbúa á Höfn, töldu að það væri mikilvægt fyrir heimabyggðina að ferðapjónustan næði fyrri styrk að faraldri loknum. Ferðapjónustan hafði tekið á sig högg í faraldrinum en þar sem fyrirtæki höfðu sýnt bæði áræðni og sveigjanleika höfðu viðmælendur ekki trú á að höggið myndi hafa varanleg áhrif á atvinnugreinina. Í viðtölum komu fram væntingar íbúa um að ferðapjónustan yrði fljót að taka við sér þegar ferðalög hæfust að nýju.

Þrír af hverjum fjórum íbúum á Höfn voru fylgjandi því að við endurreisn ferðapjónustunnar yrði lögð meiri áhersla á sjálfbærni en áður. Viðtölin staðfestu þetta og voru sumir viðmælendur á því að ferðapjónustan hefði bætt lífsgæði í samfélaginu og aukið arðsemi íbúa á Höfn þótt margt mætti betur fara. Viðmælendur lögðu ríka áherslu á að efla þyrfti umferðaröryggi og úrbætur yrðu

gerðar á vegakerfinu svo það gæti annað meiri og fjölbreyttari umferð. Kallað var eftir langtímahugsun í skipulagi og að hugað yrði að þörfum íbúa til að finna jafnvægi, einkum ef unnið yrði að því að fjölga ferðamönnum. Auk þess var kallað eftir því að rekstur og skipulag ferðaþjónustu verði ekki bara hagnaðardrifin heldur einnig drifin af ábyrgð gagnvart samfélagi og umhverfi.

Íbúar á Höfn voru jákvæðir í viðhorfum gagnvart ferðamönnum eftir COVID-19. Jafnframt voru íbúar á Höfn jákvæðari í viðhorfum til mikilvægis ferðaþjónustu eftir COVID-19 en íbúar á Ísafirði og í 101 Reykjavík. Meirihluti íbúa á Höfn sagðist hlakka til að fá erlenda ferðamenn aftur. Flestir viðmælendur voru sama sinnis en vildu fara hægt í sakirnar. Viðmælendur sögðust ekki hafa miklar áhyggjur af fjölgun ferðamanna en voruðu við því að ferðaþjónustufyrirtæki einblíndu um of á fjölda viðskiptavina og gerðu kröfu á fyrirtækin um ábyrga starfshætti. Mikil áhersla var lögð á að fyrirtæki gangi ekki á náttúruna og að kjarninn í ferðaþjónustunni verði gæði umfram magn og að spornað yrði gegn gullgrafaraæði í ferðaþjónustu sem hefði neikvæðar afleiðingar.

Einnig komu fram efasemdir um frekari markaðssetningu Hornafjarðar þar sem ekki var talið að kórónuveirufaraldurinn hefði neikvæð áhrif á eftirspurn erlendra ferðamanna. Talið var að bæði Ísland og Hornafjörður yrðu áfram í nægilega sterkri stöðu gagnvart ferðamönnum framtíðarinnar og voru viðmælendur sannfærðir um að Vatnajökulsþjóðgarður myndi áfram laða ferðamenn að um ókomna tíð.

UMRÆÐUR OG LOKAORÐ – ALLIR STAÐIR

Áhrif fyrstu bylgju kórónuveirufaraldursins vorið 2020 voru mismunandi á stöðunum fjórum. Á Ísafirði var staða ferðapjónustunnar ekki ofarlega í huga íbúanna; fækkun ferðamanna vakti raunar litla eftirtekt þar sem fyrsta bylgja kom upp á tíma þegar ferðamenn eru vanalega fáir á Vestfjörðum. Í miðborg Reykjavíkur, fjölmennasta ferðamannastað landsins, komu áhrifin hratt fram þegar ferðamönnum fækkaði skyndilega og veitinga- og skemmtistöðum var lokað. Í Mývatnssveit, þar sem ferðapjónustan hafði á fáum árum orðið að undirstöðuáttvinnugrein sveitarinnar, dróst umferð hratt saman og fyrirtækjum var lokað. Það þótti þó í fyrstu ekki óvenjulegt að loka fyrirtækjum tímabundið þar sem Mývetningar voru vel kunnugir ástríðabundnum rekstri í ferðapjónustu. Á Höfn, þar sem vetrarferðapjónusta hafði blómstrað, var íshellaferðatímabilið í fullum gangi og bundu margir vonir við að faraldurinn yrði skammvinnur.

Fækkun ferðamanna hafði mismunandi áhrif á íbúana. Í 101 Reykjavík fundu sumir íbúar óvænta en kærkomna hvíld og nýtt jafnvægi. Aðrir fundu fyrir tómleika. Í Mývatnssveit var upplifuninni af brotthvarfi ferðamanna lýst sem fjarstæðukenndri. Á sama tíma var hluti íbúa í spennufalli og á Höfn þótti eftirsjá af lífinu sem fylgdi ferðamönnum en sumir íbúar áttuðu sig ekki á álagi fyrir en ferðamönnum fækkaði með þeim hætti sem varð. Á þessum þremur stöðum töluðu sumir íbúar um að það hafi fyrst runnið upp fyrir þeim hversu mikið álagið hafi verið þegar ferðamönnum fækkaði með þeim hætti sem varð. Á Ísafirði komu áhrif fækkunar á íbúa ekki fram fyrir en annars vegar um páskana þegar Skíðavikan og tónlistarhátíðin Aldrei fór ég suður féllu niður og hins vegar þegar skemmtiferðaskipin komu ekki til Ísafjarðar um sumarið 2020. Á öllum stöðum kom fram að tímabundin hvíld frá ferðamönnum hefði verið kærkomin en heimabyggðin hefði verið dauflægri og að neikvætt væri að erlendum ferðamönnum hefði fækkað.

Á öllum rannsóknarstöðunum var talið að COVID-19 hefði undirstrikað mikilvægi ferðapjónustu fyrir atvinnulífið á svæðunum. Að mati íbúa á Höfn og í Mývatnssveit lá mikilvægið í augum uppi þar sem staða ferðapjónustunnar var talin alvarleg. Á Ísafirði var íbúum ljóst að Ísafjarðarhöfn yrði af verulegum tekjum þar sem

skemmtiferðaskipin komu ekki. Í 101 Reykjavík sögðust sumir íbúar hvorki hafa áttað sig á mikilvægi né umfangi ferðapjónustunnar í miðborginni fyrir en í faraldrinum.

Enginn vafi var á mikilvægi þess að ferðapjónustan næði fyrri styrk að faraldri loknum. Meirihluti íbúa á öllum stöðum var fylgjandi því að við endurreisn ferðapjónustunnar yrði lögð meiri áhersla á sjálfbærni en áður. Í viðtölum við íbúa kom fram að umræða um sjálfbærni væri nokkuð flókin og þótti óljóst hvort markvisst væri unnið að eflingu sjálfbærni í ferðapjónustu. Í Mývatnssveit var kallað eftir langtímahugsun við skipulagningu innviða og uppbyggingu áfangastaða í sveitinni. Einnig var almennt kallað eftir ákvörðunum um hvaða staðir í sveitinni ættu að vera ferðamannastaðir. Á Höfn var áhersla lögð á eflingu umferðaröryggis og úrbætur á vegakerfi til að anna miklum umferðarþunga og oft ógætilegum akstri. Kallað var eftir langtímahugsun í skipulagi og að hugað yrði að þörfum íbúa til að finna jafnvægi, einkum ef unnið yrði að því að fjölga ferðamönnum. Auk þess var kallað eftir því að rekstur og skipulag ferðapjónustu yrði drifin af ábyrgð gagnvart samfélagi og umhverfi. Á Ísafirði þótti upplifun af ferðapjónustu vegna skemmtiferðaskipa fyrir faraldurinn og upplifun af annarri ferðapjónustu vera of ólík til að hægt væri að ræða hana undir sömu formerkjum. Í viðtölum kom fram efi um að Ísfirðingar væru almennt reiðubúnir að fara aftur í þær aðstæður sem voru í bænum fyrir faraldurinn á stóru skipadögnum og voru orðnar þreytandi. Íbúunum þar var ekki ljóst hvernig stýra mætti skipakomum ef hagsmunir hafnar og íbúa færu mögulega ekki saman. Í miðborg Reykjavíkur var mikil áhersla lögð á að nærgætni við íbúana yrði höfð að leiðarljósi við endurreisn ferðapjónustunnar í miðborginni enda vissu þeir vel að miðborg án íbúa væri ekki aðlaðandi fyrir ferðapjónustuna.

Þáttgreining sýndi að viðhorf íbúa til ferðamanna eftir COVID-19 voru jákvæð á öllum stöðum en þó var marktækur munur á svörum eftir búsetu. Þannig reyndust íbúar á Ísafirði vera marktækt jákvæðastir í viðhorfum til ferðamanna eftir COVID-19 en íbúar í 101 Reykjavík voru minna jákvæðir. Á öllum stöðum kom fram að íbúar söknðu ferðamanna og að þeir hlökkuðu til að fá erlenda ferðamenn á

staðina en alls staðar nema á Ísafirði komu fram efasemdir um frekari markaðssetningu staðanna til að laða að fleiri ferðamenn. Þrátt fyrir það voru einnig efasemdir um að íbúar væru reiðubúnir að fá fleiri ferðamenn heldur en fyrir faraldurinn. Fyrri kannanir á viðhorfum Íslendinga hafa gefið til kynna að fjöldi ferðamanna í heimabyggð hafi almennt ekki verið áhyggjuefni þar sem meirihluta landsmanna hefur fundist fjöldinn vera hæfilegur (Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2020a). Nú virðast íbúar á stöðunum fjórum hins vegar vilja stíga aðeins á bremsuna varðandi frekari fjölgun erlendra ferðamanna og voru ekki samþykkir fjölgun í þeirri mynd og við þær aðstæður sem hún var á árunum fyrir faraldurinn. Öðru máli gegndi um fjölgun innlendra ferðamanna og sömuleiðis sáu menn tækifæri í fjölgun vetrarferðamanna.

Niðurstöður símakönnunar á stöðunum fjórum sýna ívið jákvæðari viðhorf íbúa til mikilvægis ferðapjónustu en til fjölda ferðamanna eftir COVID-19. Fyrri rannsóknir á viðhorfum Íslendinga til ferðamanna og ferðapjónustu hafa sýnt að hlutfall landsmanna sem hafa verið neikvæðir í viðhorfum gagnvart ferðamönnum og ferðapjónustu hefur verið lágt. Þar sést að óánægja með ferðapjónustu hafi m.a. beinst að ferðapjónustuaðilum sem þurfi að vanda betur til verka í sinni starfsemi og að sveitarfélög og ríki þurfi að standa betur í móttöku ferðamanna, stýringu umferðar og upplýsingagjöf (Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2020a). Íbúar hafa þannig gagnrýnt skipulags- og eftirlitsaðila, ferðapjónustufyrirtæki, verslanir og stjórnvöld fyrir að standa sig ekki í stykkinu (Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2019). Það er í raun ekki margt sem skýrir þessa miklu jákvæðni í rannsókninni núna en í viðtölunum gætu falist hugsanlegar skýringar. Á öllum rannsóknarsvæðunum kom fram ríkur vilji fyrir því að ferðapjónustan næði fyrri styrk að faraldrinum loknum en á sama tíma töluðu íbúar um að pásan í ferðapjónustunni sem varð vegna COVID-19 hefði gefið von um að hægt væri að gera breytingar. Þannig hefði myndast rými til endurskipulagningar og ráðast í breytingar sem íbúarnir töldu vera brýnar til að efla sjálfbærni greinarinnar og auka ánægju íbúa. Stundum var um að ræða

staðbundnar breytingar í einum hluta samfélagsins sem íbúar töldu að myndi skila sér margfalt tilbaka til íbúanna, eins og breytingar í matvöruverslun á Höfn og í Mývatnssveit og breytingar í verslunarúrvali í 101 Reykjavík. Stundum var það uppbygging og viðhald innviða á ferðamannastöðum og á vegakerfi sem íbúum þótti skorta eða var ekki í samræmi við vöxt ferðamenskunnar fyrir faraldurinn sbr. Mývatnssveit, Höfn og Ísafjörð. Í öðrum tilfellum var kallað eftir endurhugsun í skipulagsmálum og stefnumörkun sveitarfélaga varðandi ferðapjónustu sem tæki betur mið af þörfum íbúa sbr. 101 Reykjavík, Ísafjörð og Mývatnssveit. Á öllum stöðum var kallað eftir ábyrgari ferðapjónustu sem tæki ekki bara mið af hagnaði heldur væri drifin af ábyrgð gagnvart nærsamfélagi, ferðamönnum og umhverfi.

HEIMILDASKRÁ

- Arndís Ósk Magnúsdóttir, Hafdís Lára Sigurðardóttir, Arndís Lára Kolbrúnardóttir, Soffía Auður Birgisdóttir og Þorvarður Árnason. (2020). *Áhrif COVID-19 á ferðaþjónustu og samfélag í Sveitarfélaginu Hornafirði*. Höfn: Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Hornafirði.
- Byggðastofnun. (2020, 12 maí). *Áhrif hruns ferðaþjónustu vegna Covid-19 á sveitarfélögin. Minnisblað til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis*. Sótt 12. september 2020 af, <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Covid19%20minnisblad.pdf>.
- Efla. (2018). *Sveitarfélagið Hornafjörður - Ferðamál*. Sótt 30. ágúst 2021 af https://www.hornafjordur.is/media/skipulagsmal/Ferdamal_skyrsla_180_509.pdf
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir, Arnar Þór Jóhannesson og Guðrún Þóra Gunnarsdóttir. (2016). *Greining á áhrifum ferðaþjónustu og ferðamennsku í einstökum samfélögum. Höfn, Mývatnssveit og Siglufjörður*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2018). *Viðhorf íbúa á höfuðborgarsvæðinu til ferðamanna og ferðaþjónustu*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2019). *Viðhorf heimamanna til ferðamanna og ferðaþjónustu 2018 – Stykkishólmur*. Akureyri: Ferðamálastofa.
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2020a). *Viðhorf Íslendinga til ferðamanna og ferðaþjónustu 2019*. Akureyri: Ferðamálastofa.
- Eyrún Jenný Bjarnadóttir. (2020b). *Viðhorf íbúa á Suðurlandi til ferðamanna og ferðaþjónustu 2019*. Akureyri: Ferðamálastofa.
- Ferðamálastofa. (2020). *Rannsóknaráætlun 2020-2022. Áætlun um rannsóknir og gagnaöflun í ferðaþjónustu*. Ferðamálastofa. Sótt 28. ágúst 2020 af https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/tolur_utgafur/rannsoknaraetlun-2020-2022-loka.pdf.
- Hagstofa Íslands. (2021a). Mannfjöldi eftir kyni, aldri og sveitarfélögum 1998-2021 - Sveitarfélagaskipan hvers árs [talnasafn]. Sótt 18. júní 2021 af https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar_mannfjoldi_2_bygg_dir_sveitarfelog/MAN02001.px/table/tableViewLayout1/?rxid=a4f6f3f6-097c-4b09-a394-35edd162efba.
- Hagstofa Íslands. (2021b). Mannfjöldi eftir byggðakjörnum, kyni og aldri 1. janúar 2001-2021 [talnasafn]. Sótt 18. júní 2021 af https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/lbuar/lbuar_mannfjoldi_2_bygg_dir_Byggdakjarnar/MAN030101.px.
- Hrafn Sævaldsson. (2020) *Hagtölur um atvinnulíf á Suðurlandi með sérstaka áherslu á ferðaþjónustu*. Sótt 24. nóvember 2020 af <https://www.sass.is/wordpress/wp-content/uploads/2020/08/200826.-Hagt%C3%B6lur-um-atvinnul%C3%ADf-%C3%A1-Su%C3%B0urlandi-me%C3%B0-s%C3%A9rstaka-%C3%A1herslu-%C3%A1-fer%C3%B0a-%C3%BEj%C3%B3nustu.pdf>
- Ivanova, M., Ivanov, I.K og Ivanov, S. (2020). Travel behaviour after the pandemic: the case of Bulgaria. *Anatolia*, DOI: 10.1080/13032917.2020.1818267.
- Markaðsstofa Suðurlands. (2020). *Áfangastaðaáætlun DMP á Suðurlandi*. Sótt 27. ágúst 2021 af <https://www.south.is/static/files/DMP/afangastadaaetlun-dmp-sudurland-des-2020.pdf>.
- Samtök sunnlenskra sveitarfélaga. (2017). *Samgönguáætlun Suðurlands 2017-2023*. Sótt 30. ágúst 2021 af <https://www.sass.is/wordpress/wp-content/uploads/2017/10/Samg%C3%B6ng%C3%A1-%C3%A6tlun-SASS-2017-2026-okt.pdf>.

- Sigurlína Davíðsdóttir og Anna Ólafsdóttir. (2016). Notkun blandaðra aðferða í rannsóknum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 393-402). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Stjórnarráð Íslands. (2020, 18. ágúst). *Sex sveitarfélög fá stuðning vegna hruns í ferðaþjónustu*. Stjórnarráð Íslands. <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2020/08/18/Sex-sveitarfelog-fa-studning-vegna-hruns-i-ferdathjonustu/>.
- Stjórnarráð Íslands. (e.d.). *Leiðandi í sjálfbærri þróun – Íslensk ferðaþjónusta til 2030*. Sótt 2. október 2020 af <https://www.stjornarradid.is/default.aspx?PageID=d99f362e-5adb-428f-8c1b-d06cce7d6d3c>.
- Sveitarfélagið Hornafjörður. (2020, 27. apríl). *Fundargerð atvinnu – og menningarmálanefndar nr. 14*. Sótt 30. ágúst 2021 af <https://www.hornafjordur.is/stjornsysla/stjorn/fundargerdir/DisplayMeeting.aspx?id=176372272575965075301&text=>
- Vatnajökulsþjóðgarður. (2020, 2. desember). *Vegna umfjöllunar um atvinnustefnu Vatnajökulsþjóðgarðs*. Sótt 28. ágúst 2021 af <https://www.vatnajokulsthjodgardur.is/is/moya/news/vegna-umfjollunar-um-atvinnustefnu-vatnajokulsthjodgards>
- Vatnajökulsþjóðgarður. (e.d.a) *Vatnajökulsþjóðgarður*. Sótt 1. september 2021 af <https://www.vatnajokulsthjodgardur.is/is/um-thjodgardinn/samstarf>.
- Vatnajökulsþjóðgarður. (e.d.b). *Atvinnustefna*. Sótt 28. ágúst 2021 af <https://www.vatnajokulsthjodgardur.is/is/um-thjodgardinn/stefnur-og-aetlanir/stefnur/atvinnustefna>
- Veal, A.J. (2006). *Research Methods for Leisure and Tourism. A Practical Guide*. Essex: Pearson Education Limited.
- Zenker, S. og Kock, F. (2020). The coronavirus pandemic – a critical discussion of a tourism research agenda. *Tourism Management*, 81. DOI: 10.1016/j.tourman.2020.104164.
- Þorvarður Árnason og Arndís Lára Kolbrúnardóttir. (2019). *Nýr veruleiki í mótun? Rannsókn vegna áhersluverkefnis SASS „Félagsleg þolmörk íbúa á Suðurlandi gagnvart ferðamönnum og ferðaþjónustu“*. Höfn: Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Hornafirði.
- Þórný Barðadóttir. (2020). *Erlendir ferðamenn á Höfn sumarið 2019. Niðurstöður ferðavenjukönnunar*. Sótt 28. ágúst 2021 af <https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/ferdamenn2019/hofn/hofn-2019.pdf>.

VIÐAUKI 1

SPURNINGALISTI FYRIR SÍMAKÖNNUN

Viðhorf heimamanna til ferðamanna og ferðaþjónustu á tímum COVID-19 – spurningalisti fyrir símakönnun

1. Almennt séð, hversu mikilvæga telur þú ferðaþjónustu vera fyrir samfélagið í þinni heimabyggð?
(svarmöguleikar: Mjög mikilvæga, frekar mikilvæga – hvorki mikilvæga né lítilvæga (hlutlaus) – frekar lítilvæga – mjög lítilvæga - veit ekki, vil ekki svara)
2. Almennt séð hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með ferðaþjónustuna í þinni heimabyggð?
(svarmöguleikar: Mjög ánægður, frekar ánægður – hvorki ánægður né óánægður (hlutlaus) – frekar óánægður – mjög óánægður - veit ekki, vil ekki svara)
3. Almennt séð, hversu mikilvæga telur þú ferðaþjónustu vera fyrir samfélagið í þinni heimabyggð?
(svarmöguleikar: Mjög mikilvæga, frekar mikilvæga – hvorki mikilvæga né lítilvæga (hlutlaus) – frekar lítilvæga – mjög lítilvæga - veit ekki, vil ekki svara)
4. Almennt séð hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með ferðaþjónustuna í þinni heimabyggð?
(svarmöguleikar: Mjög ánægður, frekar ánægður – hvorki ánægður né óánægður (hlutlaus) – frekar óánægður – mjög óánægður - veit ekki, vil ekki svara)
3. Hversu jákvæð eða neikvæð áhrif telur þú að COVID-19-faraldurinn hafi haft á tekjur þínar og þessar fjölskyldu? (svarmöguleikar: Mjög jákvæð, frekar jákvæð, hvorki jákvæð né neikvæð (engin áhrif), frekar neikvæð, mjög neikvæð, - veit ekki, vil ekki svara)

Spurningar um ferðamennsku á tímum Covid 19

4. COVID-19-faraldurinn hefur sýnt hversu mikilvæg ferðaþjónustan er fyrir atvinnulífið hér á svæðinu (Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
5. Atvinnuleysi í ferðaþjónustu í COVID-19-faraldrinum hefur bitnað meira á erlendum starfsmönnum en innlendum á svæðinu (Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
6. Vegna fækkunar erlendra ferðamanna árið 2020 er heimabyggðin mín dauðlegri en áður [ef þarf: ekki eins lífleg og hún var] (Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
7. Mér finnst jákvætt að erlendum ferðamönnum hafi fækkað umtalsvert hér á svæðinu (Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
8. Ég upplifði skerta þjónustu í minni heimabyggð vegna fækkunar ferðamanna (Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
9. Sumarið 2020 voru íslenskir ferðamenn meira áberandi hér á svæðinu en oft áður (Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)

Spurningar sem snúa að því sem er framundan þegar COVID-19-faraldrinum lýkur

10. Það er mikilvægt fyrir mína heimabyggð að ferðaþjónustan nái fyrri styrk (Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
11. Ég hlakka til að fá erlenda ferðamenn aftur í mína heimabyggð (Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
12. Við endurreisn ferðaþjónustunnar í minni heimabyggð þarf að leggja meiri áherslu á sjálfbærni en áður. [Ef þarf: Með sjálfbærni er átt við getu til að varðveita náttúru, umhverfi, menningararf og íbúa] (Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
13. Mín heimabyggð þarf að halda áfram að markaðssetja sig til að laða að fleiri ferðamenn (Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
14. Ég vil sjá fleiri erlenda ferðamenn hér heldur en fyrir faraldurinn (Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)

15. Ég vil sjá fleiri innlenda ferðamenn hér heldur en fyrir faraldurinn (Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
16. Mér finnst að það eigi að draga úr komum hópferðamanna í mína heimabyggð, þar með töldum skemmtiskipafarþegum. (Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
17. Það væri æskilegt að fá fleiri ferðamenn hingað á veturna (Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)

Spurningar um viðbragð stjórnvalda

18. Mér finnst mikilvægt að stjórnvöld haldi áfram stuðningi við ferðaþjónustuna með mótvægisáðgerðum til þess að draga úr áhrifum COVID-19 (Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
19. Mér finnst stjórnvöld hafa gengið of hart fram í takmörkunum á landamærum vegna Covid-19 (Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
20. Það er mikilvægt að stjórnvöld haldi áfram að hvetja Íslendinga til þess að ferðast um eigið land (Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, veit ekki, vil ekki svara)
21. Starfar þú við ferðaþjónustu?
 - a. Já
 - b. Nei >> Gætir þú hugsað þér að starfa við ferðaþjónustu?
 - Já
 - Nei >> Af hverju ekki?(Stutt svar) _____
 - 98 Veit ekki
 - 99 Vil ekki svara
- 98 Veit ekki
- 99 Vil ekki svara
22. Hvað hefur þú búið lengi þar sem þú býrð nú (þ.e. í sama póstnúmeri)?
 - a. 5 ár eða skemur
 - b. 6-10 ár
 - c. 11-20 ár
 - d. 21-30 ár
 - e. Lengur en 30 ár
 - 98 Veit ekki
 - 99 Vil ekki svara
23. Hvert er hæsta stig menntunar sem þú hefur lokið?
 - a. Grunnskólanám eða minna (t.d. *grunnskólapróf, landspróf, gagnfræðapróf*)
 - b. Stúdentspróf eða iðnnám
 - c. Annað starfsnám
 - d. Háskólapróf
 - 98 Veit ekki
 - 99 Vil ekki svara
24. Hver er staða þín á vinnumarkaði?
 - a. Í launuðu starfi
 - b. Sjálfstætt starfandi
 - c. Atvinnurekandi
 - d. Í námi
 - e. Á eftirlaunum
 - f. Öryrki
 - g. Í atvinnuleit
 - h. Í fæðingarorlofi/foreldraorlofi
 - i. Heimavinnandi
 - j. Annað

98 Veit ekki

99 Vil ekki svara

26. Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri um ferðaþjónustu í þinni heimabyggð? [Stutt svar] _____

27. Er eitthvað að lokum sem þú vilt nefna varðandi áhrif Covid-19-faraldursins á þitt samfélag sem þér finnst ekki að hafa komið fram í þessari könnun? [Stutt svar] _____

Upplýsingar sem fást með þjóðskrárártakinu og er ekki spurt um

28. Kyn

a. Karl

b. Kona

29. Aldur (fæðingarár)

30. Póstnúmer

VIÐAUKI 2

NIÐURSTÖÐUR SÍMAKÖNNUNAR
TÍÐNITÖFLUR OG BAKGRUNNSGREINING

Viðauki 2 Niðurstöður símakönnunar á Höfn - Tíðnitöflur og bakgrunnsgreining

Spurning 1. Almennt séð, hversu mikilvæga telur þú ferðapjónustu vera fyrir samfélagið í þinni heimabyggð?

		Hvorki mikilvæga né					Fjöldi		Meðaltal
		Mjög lítilvæga	Frekar lítilvæga	lítilvæga (hlutlaus)	Frekar mikilvæga	Mjög mikilvæga	(með vigt)	Fjöldi	
		%	%	%	%	%	N	N	
	Fjöldi	0,0%	0,0%	1,1%	15,9%	83,0%	273	330	4,8
Kyn **	Karl	0,0%	0,0%	0,8%	23,1%	76,1%	139	170	4,8
	Kona	0,0%	0,0%	1,4%	8,4%	90,3%	133	160	4,9
Aldur **	18 - 29 ára	0,0%	0,0%	3,6%	32,1%	64,3%	51	28	4,6
	30 - 44 ára	0,0%	0,0%	0,0%	10,1%	89,9%	86	79	4,9
	45 - 59 ára	0,0%	0,0%	0,8%	10,4%	88,8%	94	125	4,9
	60 ára og eldri	0,0%	0,0%	1,0%	20,4%	78,6%	42	98	4,8
Menntun **	Grunnskólanám eða minna	0,0%	0,0%	3,1%	14,8%	82,1%	59	75	4,8
	Stúdentspróf eða iðnnám	0,0%	0,0%	1,1%	21,1%	77,8%	107	128	4,8
	Annað starfsnám	0,0%	0,0%	0,0%	31,9%	68,1%	20	29	4,7
	Háskólapróf	0,0%	0,0%	0,0%	5,5%	94,5%	82	93	4,9
Lengd búsetu á því svæði *	5 ár eða skemur	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	100,0%	30	27	5,0
	6-10 ár	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	100,0%	22	23	5,0
	11-20 ár	0,0%	0,0%	4,2%	13,6%	82,2%	43	44	4,8
	21-30 ár	0,0%	0,0%	0,0%	32,6%	67,4%	54	46	4,7
	Lengur en 30 ár	0,0%	0,0%	1,0%	16,3%	82,7%	122	188	4,8
Staða á vinnumarkaði	Í launuðu starfi	0,0%	0,0%	1,6%	17,9%	80,5%	182	205	4,8
	Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	0,0%	0,0%	0,0%	5,3%	94,7%	38	47	4,9
	Í námi	0,0%	0,0%	0,0%	29,1%	70,9%	6	5	4,7
	Á eftirlaunum	0,0%	0,0%	0,0%	15,6%	84,4%	19	45	4,8
	Annað	0,0%	0,0%	0,0%	13,2%	86,8%	25	25	4,9
Starfar þú við ferðapjónustu?	Já	0,0%	0,0%	0,6%	13,1%	86,3%	68	76	4,9
	Nei	0,0%	0,0%	1,3%	16,9%	81,8%	204	253	4,8

* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. ** Marktækt miðað við 1% öryggismörk. *** Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Spurning 1. Almennt séð, hversu mikilvæga telur þú ferðapjónustu vera fyrir samfélagið í þinni heimabyggð?

		Hvorki mikilvæga né					Fjöldi		Meðaltal
		Mjög lítilvæga	Frekar lítilvæga	lítilvæga (hlutlaus)	Frekar mikilvæga	Mjög mikilvæga	(með vigt)	Fjöldi	
		%	%	%	%	%	N	N	
	Fjöldi	0,6%	1,1%	4,5%	29,4%	64,4%	1376	1235	4,6
Búseta ***	Reykjavík (101)	0,4%	1,4%	5,5%	33,1%	59,6%	525	399	4,5
	Ísafjörður (400)	1,3%	1,7%	6,1%	38,3%	52,7%	463	380	4,4
	Mývatn (660)	0,0%	0,0%	1,5%	8,7%	89,8%	115	126	4,9
	Höfn (780)	0,0%	0,0%	1,1%	15,9%	83,0%	273	330	4,8

* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. ** Marktækt miðað við 1% öryggismörk. *** Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Spurning 1. Tíðnitafla

	Fjöldi		
	svarenda	% svarenda	% svara
Mjög lítilvæga	0	0,0%	0,0%
Frekar lítilvæga	0	0,0%	0,0%
Hvorki mikilvæga né lítilvæga	3	0,9%	0,9%
Frekar mikilvæga	50	15,2%	15,2%
Mjög mikilvæga	277	83,9%	83,9%
Gild svör	330	100,0%	100,0%
Gildir svarendur	330	100,0%	
Veit ekki	0	0,0%	
Vil ekki svara	0	0,0%	
Svöruðu ekki	0	0,0%	
Heildarfjöldi	330	100,0%	

Spurning 2. Almennt séð hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með ferðþjónustuna í þinni heimabyggð?

		Hvorki ánægður né								
		Mjög óánægður	Frekar óánægður	óánægður (hlutlaus)	Frekar ánægður	Mjög ánægður	Fjöldi (með vigt)	Fjöldi	Meðaltal	
		%	%	%	%	%	N	N		
	Fjöldi	1,2%	2,2%	9,3%	41,5%	45,7%	271	328	4,3	
Kyn *	Karl	1,1%	1,6%	14,6%	45,5%	37,1%	138	169	4,2	
	Kona	1,4%	2,8%	3,7%	37,4%	54,7%	133	159	4,4	
Aldur	18 - 29 ára	0,0%	0,0%	14,8%	51,9%	33,3%	49	27	4,2	
	30 - 44 ára	2,5%	5,1%	8,9%	31,6%	51,9%	86	79	4,3	
	45 - 59 ára	0,8%	0,8%	7,2%	44,0%	47,2%	94	125	4,4	
	60 ára og eldri	1,0%	2,1%	8,2%	44,3%	44,3%	41	97	4,3	
Menntun	Grunnskólanám eða minna	1,9%	0,7%	10,4%	37,6%	49,4%	58	74	4,3	
	Stúdentspróf eða iðnnám	0,4%	3,2%	12,8%	44,1%	39,5%	105	127	4,2	
	Annað starfsnám	0,0%	0,0%	11,2%	54,3%	34,5%	20	29	4,2	
	Háskólapróf	1,3%	2,6%	4,1%	38,9%	53,1%	82	93	4,4	
Lengd búsetu á því svæði	5 ár eða skemur	0,0%	0,0%	6,0%	28,2%	65,8%	30	27	4,6	
	6-10 ár	5,0%	5,0%	10,0%	47,7%	32,3%	22	23	4,0	
	11-20 ár	0,0%	2,6%	4,4%	43,0%	50,0%	42	43	4,4	
	21-30 ár	0,0%	3,4%	17,0%	47,2%	32,4%	54	46	4,1	
	Lengur en 30 ár	1,9%	1,6%	8,3%	40,8%	47,5%	122	187	4,3	
Staða á vinnumarkaði	Í launuðu starfi	0,6%	3,1%	10,3%	43,4%	42,6%	180	204	4,2	
	Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	4,0%	0,0%	5,1%	42,5%	48,5%	38	47	4,3	
	Í námi	0,0%	0,0%	0,0%	41,3%	58,7%	6	5	4,6	
	Á eftirlaunum	0,0%	0,0%	6,8%	40,9%	52,3%	19	44	4,5	
	Annað	0,0%	1,7%	13,2%	28,1%	57,0%	25	25	4,4	
Starfar þú við ferðþjónustu?	Já	2,2%	0,6%	7,1%	42,8%	47,2%	68	76	4,3	
	Nei	0,9%	2,7%	10,0%	40,9%	45,4%	202	251	4,3	

* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. ** Marktækt miðað við 1% öryggismörk. *** Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Spurning 2. Tíðnitafla

	Fjöldi svarenda	% svarenda	% svara
Mjög óánægður	4	1,2%	1,2%
Frekar óánægður	7	2,1%	2,1%
Hvorki ánægður né óánægður	28	8,5%	8,5%
Frekar ánægður	137	41,5%	41,8%
Mjög ánægður	152	46,1%	46,3%
Gild svör	328	99,4%	100,0%
Gildir svarendur	328	99,4%	
Veit ekki	2	0,6%	
Vil ekki svara	0	0,0%	
Svöruðu ekki	0	0,0%	
Heildarfjöldi	330	100,0%	

Spurning 2. Almennt séð hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með ferðþjónustuna í þinni heimabyggð?

		Hvorki ánægður né								
		Mjög óánægður	Frekar óánægður	óánægður (hlutlaus)	Frekar ánægður	Mjög ánægður	Fjöldi (með vigt)	Fjöldi	Meðaltal	
		%	%	%	%	%	N	N		
	Fjöldi	1,2%	4,8%	16,2%	48,0%	29,7%	1334	1200	4,0	
Búseta ***	Reykjavík (101)	2,0%	8,0%	25,2%	43,2%	21,6%	498	376	3,7	
	Ísafjörður (400)	0,4%	2,4%	11,1%	57,4%	28,8%	451	371	4,1	
	Mývatn (660)	0,9%	6,6%	13,6%	47,5%	31,3%	114	125	4,0	
	Höfn (780)	1,2%	2,2%	9,3%	41,5%	45,7%	271	328	4,3	

* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. ** Marktækt miðað við 1% öryggismörk. *** Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Spurning 3. Hversu jákvæð eða neikvæð áhrif telur þú að COVID-19-faraldurinn hafi haft á tekjur þínar og þinnar fjölskyldu?

		Hvorki jákvæð né		Fjöldi (með vigt)	Fjöldi	Meðaltal			
		Mjög neikvæð	Frekar neikvæð				neikvæð (hlutlaus)	Frekar jákvæð	Mjög jákvæð
		%	%	%	%				
	Fjöldi	15,3%	18,1%	64,7%	0,7%	1,2%	269	325	2,5
Kyn	Karl	13,0%	18,8%	66,3%	1,4%	0,6%	136	167	2,6
	Kona	17,6%	17,4%	63,1%	0,0%	1,9%	132	158	2,5
Aldur	18 - 29 ára	14,8%	14,8%	66,7%	0,0%	3,7%	49	27	2,6
	30 - 44 ára	17,9%	21,8%	59,0%	1,3%	0,0%	85	78	2,4
	45 - 59 ára	16,0%	18,4%	63,2%	0,8%	1,6%	94	125	2,5
	60 ára og eldri	8,4%	13,7%	77,9%	0,0%	0,0%	40	95	2,7
Menntun	Grunnskólanám eða minna	13,7%	14,3%	72,0%	0,0%	0,0%	57	73	2,6
	Stúdentspróf eða iðnnám	15,8%	17,1%	64,9%	0,7%	1,4%	104	126	2,5
	Annað starfsnám	7,6%	19,0%	73,3%	0,0%	0,0%	20	28	2,7
	Háskólapróf	17,5%	21,5%	57,5%	1,3%	2,2%	82	93	2,5
Lengd búsetu á því svæði	5 ár eða skemur	19,8%	19,4%	51,1%	3,6%	6,0%	30	27	2,6
	6-10 ár	7,0%	25,4%	67,6%	0,0%	0,0%	22	23	2,6
	11-20 ár	12,8%	23,2%	64,0%	0,0%	0,0%	43	43	2,5
	21-30 ár	21,0%	14,4%	64,6%	0,0%	0,0%	51	44	2,4
	Lengur en 30 ár	13,7%	16,5%	67,9%	0,6%	1,2%	121	186	2,6
Staða á vinnumarkaði ***	Í launuðu starfi	9,8%	17,6%	71,1%	0,4%	1,0%	180	204	2,7
	Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	25,9%	27,4%	39,9%	2,8%	3,9%	38	47	2,3
	Í námi	0,0%	29,1%	70,9%	0,0%	0,0%	6	5	2,7
	Á eftirlaunum	7,0%	9,3%	83,7%	0,0%	0,0%	18	43	2,8
	Annað	44,9%	12,3%	42,8%	0,0%	0,0%	24	23	2,0
Starfar þú við ferðaþjónustu? ***	Já	43,2%	30,4%	25,3%	0,0%	1,1%	67	75	1,9
	Nei	5,7%	14,1%	78,0%	0,9%	1,3%	201	249	2,8

* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. ** Marktækt miðað við 1% öryggismörk. *** Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Spurning 3. Tíðnitafla

	Fjöldi svarenda	% svarenda	% svára
Mjög neikvæð	46	13,9%	14,2%
Frekar neikvæð	57	17,3%	17,5%
Hvorki jákvæð né neikvæð	217	65,8%	66,8%
Frekar jákvæð	2	0,6%	0,6%
Mjög jákvæð	3	0,9%	0,9%
Gild svör	325	98,5%	100,0%
Gildir svarendur	325	98,5%	
Veit ekki	3	0,9%	
Vil ekki svara	2	0,6%	
Svöruðu ekki	0	0,0%	
Heildarfjöldi	330	100,0%	

Spurning 3. Hversu jákvæð eða neikvæð áhrif telur þú að COVID-19-faraldurinn hafi haft á tekjur þínar og þinnar fjölskyldu?

		Hvorki jákvæð né		Fjöldi (með vigt)	Fjöldi	Meðaltal			
		Mjög neikvæð	Frekar neikvæð				neikvæð (hlutlaus)	Frekar jákvæð	Mjög jákvæð
		%	%	%	%				
	Fjöldi	12,1%	19,2%	65,4%	2,2%	1,2%	1379	1235	2,6
Búseta ***	Reykjavík (101)	13,5%	23,2%	59,1%	2,1%	2,0%	530	402	2,6
	Ísafjörður (400)	5,9%	14,5%	75,9%	3,3%	0,4%	465	382	2,8
	Mývatn (660)	22,7%	22,3%	53,2%	1,7%	0,0%	115	126	2,3
	Höfn (780)	15,3%	18,1%	64,7%	0,7%	1,2%	269	325	2,5

* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. ** Marktækt miðað við 1% öryggismörk. *** Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Spurning 4_a. COVID-19-faraldurinn hefur sýnt hversu mikilvæg ferðabjónustan er fyrir atvinnulífið hér á svæðinu

		Mjög	Frekar	Hvorki né	Frekar	Mjög	Fjöldi		Meðaltal
		ósammála	ósammála		sammála	sammála	(með vigt)	Fjöldi	
		%	%	%	%	%	N	N	
	Fjöldi	0,0%	1,4%	2,3%	28,5%	67,8%	272	329	4,6
Kyn	Karl	0,0%	1,4%	3,4%	34,3%	60,9%	139	170	4,5
	Kona	0,0%	1,4%	1,1%	22,3%	75,1%	132	159	4,7
Aldur	18 - 29 ára	0,0%	0,0%	3,6%	46,4%	50,0%	51	28	4,5
	30 - 44 ára	0,0%	2,6%	2,6%	23,1%	71,8%	85	78	4,6
	45 - 59 ára	0,0%	0,8%	2,4%	23,2%	73,6%	94	125	4,7
	60 ára og eldri	0,0%	2,0%	0,0%	29,6%	68,4%	42	98	4,6
Menntun	Grunnskólanám eða minna	0,0%	0,0%	0,0%	34,3%	65,7%	59	75	4,7
	Stúdentspróf eða iðnnám	0,0%	2,1%	2,4%	33,5%	62,0%	107	128	4,6
	Annað starfsnám	0,0%	0,0%	9,1%	34,0%	56,9%	20	29	4,5
	Háskólapróf	0,0%	1,9%	1,3%	16,2%	80,6%	81	92	4,8
Lengd búsetu á því svæði	5 ár eða skemur	0,0%	0,0%	0,0%	29,2%	70,8%	30	27	4,7
	6-10 ár	0,0%	5,0%	5,0%	13,5%	76,5%	22	23	4,6
	11-20 ár	0,0%	1,0%	0,0%	28,7%	70,3%	43	44	4,7
	21-30 ár	0,0%	1,4%	5,4%	42,4%	50,8%	54	46	4,4
	Lengur en 30 ár	0,0%	1,2%	1,9%	25,2%	71,7%	121	187	4,7
Staða á vinnumarkaði *	Í launuðu starfi	0,0%	2,1%	3,0%	30,7%	64,2%	181	204	4,6
	Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	0,0%	0,0%	0,0%	14,7%	85,3%	38	47	4,9
	Í námi	0,0%	0,0%	0,0%	29,1%	70,9%	6	5	4,7
	Á eftirlaunum	0,0%	0,0%	0,0%	24,4%	75,6%	19	45	4,8
	Annað	0,0%	0,0%	0,0%	39,1%	60,9%	25	25	4,6
Starfar þú við ferðabjónustu? *	Já	0,0%	2,2%	0,0%	18,5%	79,3%	68	76	4,7
	Nei	0,0%	1,1%	3,1%	31,9%	63,9%	203	252	4,6

* Marktækt miðað við 5% öryggismörk. ** Marktækt miðað við 1% öryggismörk. *** Marktækt miðað við 0,1% öryggismörk

Spurning 4_a. Tíðnitafla

	Fjöldi		
	svarenda	% svarenda	% svara
Mjög ósammála	0	0,0%	0,0%
Frekar ósammála	5	1,5%	1,5%
Hvorki né	6	1,8%	1,8%
Frekar sammála	89	27,0%	27,1%
Mjög sammála	229	69,4%	69,6%
Gild svör	329	99,7%	100,0%
Gildir svarendur	329	99,7%	
Veit ekki	1	0,3%	
Vil ekki svara	0	0,0%	
Svöruðu ekki	0	0,0%	
Heildarfjöldi	330	100,0%	

Spurning 4_a. COVID-19-faraldurinn hefur sýnt hversu mikilvæg ferðabjónustan er fyrir atvinnulífið hér á svæðinu

		Mjög	Frekar	Hvorki né	Frekar	Mjög	Fjöldi		Meðaltal
		ósammála	ósammála		sammála	sammála	(með vigt)	Fjöldi	
		%	%	%	%	%	N	N	
	Fjöldi	1,0%	3,6%	5,4%	34,8%	55,2%	1355	1219	4,4
Búseta ***	Reykjavík (101)	1,4%	2,2%	5,5%	35,3%	55,7%	520	395	4,4
	Ísafjörður (400)	1,2%	6,9%	8,3%	41,2%	42,3%	448	369	4,2
